DV
17. júlí 2020 | 28. tbl. | 111. árg | Verð 995 kr.

18
Upplifun mín á kynlífsherberginu

20
Vinsælir lögfræðingar

Öllu gríni fylgir einhver afstaða

Leikkonurnar Vala Kristín og Júlíana Sara eru ekki orðnar þrítugar en skrifa sína fimmtu þáttaröð.

– sjá síðu 10

MYND/ERNIR

UPPÁHALDS

BARNVÆNIR STAÐIR

Viktoría Hermannsdóttir sjónvarpstjarna býr í Vesturbænum ásamt tilvonandi eiginmanni sínum Sólmundi Hólm og börnum þeirra fjórum. Hún deilir hér sínum uppáhalds barnvænu stöðum sem tilvalið er að skottast á í sumarfríinu.

❶ Fjöruferð á Eyrarbakka

Ég var mikið á Eyrarbakka sem barn og í fjörunni er gaman að lenda í alls konar ævintýrum og kaupa sér svo ís eftir fjöruferðina.

❷ Rólóferð

Ég eyði sirka 90% af tíma mínum með eins árs dóttur minni á róló. Þeir eru misgóðir en rólóinn í Verkóportinu hér í Vesturbænum er í uppáhaldi hjá okkur. Þar hittir maður líka oft skemmtilegt fólk og lendir á spjalli.

❸ Bókasöfn

Við förum oft á bókasafnið og finnum okkur bækur sem við reyndar reynum að lesa á staðnum eftir að ég fékk 17 þúsund króna sekt þegar mér tókst að týna öllum bókunum eftir eina bókasafnsferðina.

❹ Lautarferð

Það þarf ekki að fara langt til að skella sér í skemmtilega lautarferð – bara græja gott nesti og skella sér eitthvað út í náttúruna.

❺ Kaffihús

Það er alltaf gaman að fara yfir lífið og tilveruna yfir góðum kaffibolla og kakói og svo má taka góðan göngutúr í miðbænum á eftir og skoða gömlu húsin.

Ofbeldið úr skúffunni

Ég hef alltaf haft miklar mætur á lögreglunni og í öll þau skipti sem ég hef þurft að leita til hennar sem almennur borgari hafa viðbrögðin verið fagleg og manneskjuleg.

Fáir ef nokkrir starfa hjá lögreglunni vegna launa. Álagið sem fylgir starfinu er mikið, vinnutíminn oft ófjölskylduvænn og ekkert sem getur sagt til um hvernig vaktin fer. Lögreglumenn hafa greint frá því að þeim sé ógnað og þeir jafnvel beittir grófu líkamlegu ofbeldi. Ofan á það eru lögreglumenn einnig án samninga og hafa verið á annað ár sem er óboðlegt.

Að þessu sögðu þá hafa mín mestu vonbrigði í starfi mínu sem ritstjóri DV verið tengd lögreglunni, sem ég hef alla tíð dáðst að en upplifi nú aðra hlið á peningnum. Að sækjast eftir upplýsingum frá lögreglunni er erfitt og viðmótið líkt og verið sé að falast eftir hlutabréfum í sál viðkomandi. Hér á ég við upplýsingar sem ættu að vera opinberar og ekki er verið að biðja um neinskonar fyrirgreiðslu. Upplýsingar um alvarleg málefni berast seint og illa og í raun er daglegur upplýsingapóstur þeirra með nokkrum línum oft það eina sem í boði er.

Mestu vonbrigðin komu í kjölfar gagna sem ritstjórninni bárust. Gögn þessi varpa ljósi á hliðar á alvarlegu ofbeldismáli. Þessi gögn taldi ég mikilvægt að koma til lögreglu, þau ættu betur heima þar á fyrsta stigi málsins og myndu hugsanlega verða til þess að hægt væri að sækja geranda til saka. Einnig vildi ég fá staðfestingu á að með umfjöllun okkar værum við ekki að skaða hugsanlega rannsókn sem væri í vinnslu eða skapa hættu með öðru móti.

Mér hefur þótt mikilvægt frá degi eitt í starfi mínu að byggja upp gott samband við lögregluna með von um að gögn sem berist á ritstjórn eigi greiða leið á þann stað sem þau gera hvað mest gagn. Að lögreglan og við, blaðamenn, séum saman á þeirri vegferð að stinga á ýmis mein.

> *„Mestu vonbrigðin komu í kjölfar gagna sem ritstjórninni bárust.*

Stutta útgáfan er sú að við reyndum að koma viðkvæmum gögnum til lögreglunnar fyrir skemmstu sem gekk vægast sagt illa. Blaðamanninum sem tók á sig það verk að koma gögnunum í réttar hendur varð lítið úr verki. Hann reyndi með heimsókn á lögreglustöð, símtölum og tölvupóstum að skila gögnunum af sér, en enginn vildi taka við þeim. Fór svo að blaðamaður sendi póst á lögregluna þess efnis að það væri í raun frétt að enginn vildi taka við vægast sagt átakanlegum gögnunum.

Yfirmaður úr lögreglunni hringdi þá sótillur yfir slíkum „hótunarpósti“ og tók að endingu við gögnunum í gegnum tölvupóst en svaraði þó ekki póstinum, svo ekki er vitað hvað, ef nokkuð, var gert við þau þegar þetta er skrifað – en við erum ekki hætt.

Í samtölum við réttargæslumann sem unnið hefur lengi í kerfinu segir viðkomandi að hann hafi þurft að beita bolabrögðum til þess að koma gögnum til lögreglu.

Það er mín einlæga von að tekið verði á upplýsingaflæði til og frá lögreglu og að fólki sé aldrei vísað frá með sönnunargögn, sama hversu óþægileg, ómerkileg eða illa tímasett þau kunna að vera.

Frétt unnin út frá þessum gögnum verður birt, þar sem ég get ekki með neinu móti hugsað mér að endastöð svo skelfilegs máls sé skúffan hjá mér. ■

Hvorki staður né stund

SVART HÖFÐI

Hvaða leik eru flugfreyjur að spila og samkvæmt hvaða leikreglum? Nú þegar þeirra eini íslenski vinnustaður rær lífróður þá ákveða þær að berjast harkalega gegn kjaraskerðingum sem aðrar stéttir Icelandair hafa þó tekið á sig. Klukkan tifar og endalok Icelandair nálgast. Samningar við flugfreyjur gætu skipt sköpum um það hvort Icelandair takist að bjarga eigin rassgati og þeir samningar verða að vera samkeppnishæfir. Sem sagt, verri en eldri kjarasamningar. Súrt epli að bíta í, en epli sem þarf engu að síður að borða ef Icelandair á að lifa þetta allt af.

Svarthöfði þakkar fyrir að skrifa undir listamannanafni, því annars fengi hann sósíalíska verkalýðsforingja beint í hausinn fyrir að skrifa þetta, en það verður einhver að segja eitthvað. Hvað ætla flugfreyjur að gera ef engir samningar nást? Án Icelandair, hver ætlar að greiða þeim laun? Það hefur komið fram að þær geti ekki búist við sambærilegum kjörum og þær hafa vanist hjá erlendum flugfélögum og Icelandair er fyllilega búið að gefa upp að þeir geti ekki bætt kjörin þeirra, aðeins dregið úr þeim.

Flugfreyjur eru sögulega kvennastétt. Það er Svarthöfði fullmeðvitaður um. Og auðvitað er súrt að þessi stétt geti ekki fengið það sem hún á skilið og auðvitað finnst manni viss kvenfyrirlitning felast í þessari tregðu til að gera vel við kvennastéttir.

En það er staður og stund fyrir hverja baráttu. COVID-19 er ekki sá staður né stund. Og þrotið sem Icelandair stefnir í, auk þeirra gífurlegra áfalla sem hafa riðið yfir ferðaþjónustuna og íslenska flugfélagabransann er ekki rétta stundin. Betur hefði farið á að semja til afar skamms tíma um það besta sem hægt er að ná fram í stöðunni og mæta svo tvíefldar til samningaborðsins þegar betur viðrar fyrir orustu.

Herjólfur er svo annað gott dæmi um ekki rétta staðinn og stundina. Nú á að setja heilt bæjarfélag nánast á hausinn svo starfsmenn Herjólfs fái betur borgað fyrir minni vinnu. Hvers eiga Vestmannaeyingar að gjalda? Ekki er nóg með að Þjóðhátíð hafi verið blásin af, ferðamannabransinn sé varla til og allir að missa vinnuna eða hafi með öðrum hætti orðið fyrir fjárhagslegum áföllum vegna heimsfaraldursins. Nú á að loka íbúa inni á eyjunni og skrúfa fyrir þennan litla ferðamannastraum sem nú er til staðar. Því án Herjólfs eiga íbúar um fátt annað að velja en að borga morðfé fyrir flug, ja eða synda í land.

Svarthöfði er gallharður stuðningsmaður þess að fá hærra kaup, fá að vinna minna og halda sama kaupinu og helst að öll vinna geti farið fram í fjarvinnu. Meira að segja er mottó Svarthöfða – Vinna minna fyrir meiri pening. En á sökkvandi skipi horfir allt öðruvísi við. Þeir sem standa fastir á sínu á sökkvandi skipi gætu hreinlega bara drukknað, og hverjum gagnast það nákvæmlega? ■

DV
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI: Jóhanna Helga Viðarsdóttir
RITSTJÓRI: Þorbjörg Marinósdóttir, tobba@dv.is FRÉTTASTJÓRI: Erla Hlynsdóttir, erlahlyns@dv.is AUGLÝSINGAUMSJÓN: Ruth Bergsdóttir, ruth@dv.is
PRENTUN: Torg prentfélag DREIFING: Póstdreifing | DV áskilur sér rétt til að birta aðsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis. DV, Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík Sími: 550 7000.
Aðalnúmer: 550 5060
Auglýsingar: 550 5070
Ritstjórn: 550 5070
FRÉTTASKOT
550 5070
abending@dv.is

HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Evrópskt gæðamerki
á ótrúlegu verði

SILVERBACK
AUTHOR

Gæða reiðhjól

husa.is

20%

47.992kr

~~59.990kr~~

Reiðhjól
Stride 29" MD, grátt og appelsínugult, 500/XL. 3902102

SILVERBACK

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

SILVERBACK

20%

39.992kr

~~49.990kr~~

Reiðhjól
Stride 29" JR, svart og blátt.
3902103

SILVERBACK

20%

51.992kr

~~69.990kr~~

Reiðhjól
Stride 27", svart og appelsínugult, 380/S.
3902094-97

SILVERBACK

20%

63.992kr

~~79.990kr~~

Reiðhjól
Scento Path grænt, 500 mm/M eða L.
3902031-2

Reiðhjól fyrir alla fjölskylduna

SILVERBACK AUTHOR

husa.is

SILVERBACK

20%

19.990kr

~~25.990kr~~

Reiðhjól
Skid 16", grátt/lime, 210/S. 3902104

SILVERBACK

20%

19.990kr

~~25.990kr~~

Reiðhjól
Skid 16", bleikt, 210/S. 3902105

AUTHOR

339.990kr

Rafmagnsreiðhjól
Empire c700 svart 18".
3901861

MEST LESIÐ Á DV Í VIKUNNI

1 Fjölskylda flýr hrottalegt ofbeldi í Grindavík – Myndband ekki fyrir viðkvæma *Guðmunda Þorsteinsdóttir hefur ákveðið að flytja með fjölskyldu sína frá Grindavík vegna eineltis og hrottafengins ofbeldis sem 15 ára sonur hennar verður ítrekað fyrir.*

2 Kynlífsherbergi í Reykjavík – Þú velur klukkan hvað og hversu lengi *Þú getur leigt kynlífsherbergi í miðbæ Reykjavíkur í gegnum vefsíðuna sexroom.is, ef þig langar.*

3 Smitaði 71 af krónaveiru á einni mínútu *Kona, grunlaus um að vera smituð af kórónaveirunni, fór í lyftu. Lyftuferðin tók aðeins eina mínútu en olli því að 71 smitaðist í kjölfarið.*

4 Mikil ólga í Grindavík vegna birtingar ofbeldismyndbands *Grindvíkingar voru ekki par sáttir með myndband sem móðir birti af hrottafengnu ofbeldi sem hún sagði son sinn hafa orðið fyrir, þar sem myndbandið sýndi ekki son hennar heldur allt aðra aðila.*

5 Hermann las viðtal við Svövu í Mogganum og eftir það varð ekki aftur snúið *Hermann Guðmundsson sendi matgæðingnum Svövu Gunnarsdóttur skilaboð eftir að hann las viðtal við hana í Morgunblaðinu fyrir tveimur árum. Það reyndist afdrifarík ákvörðun og ekki leið á löngu áður en Svava og Hermann felldu hugi saman.*

6 Nauðgaði nemanda og giftist honum svo – Nú er hún látin *Mary Kay Letourneau var kennari sem átti í ástarsambandi við 12 ára nemanda sinn. Fyrir vikið var hún dæmd í fangelsi fyrir nauðgun. Engu að síður ól hún nemandanum tvö börn á meðan hún sat af sér dóminn og giftist honum eftir afplánun. Hún lést nýlega 58 ára að aldri.*

7 Mikil reiði meðal sjálfstæðismanna *Björn Jón Bragason fjallaði í síðasta blaði um ósætti innan Sjálfstæðisflokksins vegna tilfæringa sem hafa verið gerðar á listum flokksins undanfarin ár.*

Í FRÉTTUM ER ÞETTA HELST...

Kurr vegna fréttar

Frétt Sigríðar Daggar Auðunsdóttur, fréttamanns RÚV, um flutning ríkisstofnana frá höfuðborginni til landsbyggðarinnar, vakti hörð viðbrögð. Var Sigríður sökuð um landsbyggðarhatur, hroka, rangfærslur og að hafa ætlað sér að draga upp mynd af kjördæmapoti og spillingu. Sigríður hefur bent á að fréttin hafi hreinlega verið samantekt um þær stofnanir og svið ríkisins sem hafi flutt starfsemi sína út á land frá aldamótunum. Ekkert umfram það.

Herjólfur í hers höndum

Málefni Herjólfs hafa vakið mikla athygli, en í vikunni stóð yfir vinnustöðvun starfsmanna sem er liður í baráttu þeirra fyrir bættum kjörum. Mörgum þykir nóg um kröfur starfsmanna Herjólfs, sem hafi upp undir milljón í mánaðarkaup. Starfsmenn aftur á móti benda á að mikill hluti vinnu þeirra sé yfirvinna og eigi þeir rétt á skikkanlegri vinnutíma og hærra kaupi. Herjólfur ohf. tók þá umdeildu ákvörðun að sigla frá Vestmannaeyjum til lands á gamla Herjólfi, þrátt fyrir vinnustöðvun áhafnar á þeim nýja. Sjómannafélag Íslands hefur kallað athæfið klárt verkfallsbrot og lítur alvarlegum augum á málið.

Játa mistök

Flugfreyjufélag Ísland (FFÍ) gekkst við því að hafa gert mistök við undirritun kjarasamnings við Icelandair. Samningurinn var felldur af félagsmönnum en eftir atkvæðagreiðsluna sendi FFÍ félagsmönnum sínum tilkynningu þar sem gengist var við mistökunum og einnig greint frá því að Icelandair hafi neitað að leiðrétta mistökin. Þessu hefur Icelandair aftur á móti alfarið hafnað. FFÍ hafi farið fram á minniháttar orðalagsbreytingu og við því hafi Icelandair orðið, það hafi hins vegar ekki breytt innihaldi umdeildra ákvæða varðandi aukafrídag flugfreyja 60 ára og eldri og svokallaðrar sex daga reglu.

Gert út af við legsteinasafnið

Páli Guðmundssyni, listamanni á Húsafelli, hefur verið gert að fjarlægja hús sem hann hafði byggt á lóð sinni og átti að hýsa legsteinasafn. Nágranni Páls var ósáttur við bygginguna og stefndi honum vegna málsins. Húsið mun hafa kostað á fjórða tug milljóna og því um mikið áfall fyrir Pál að ræða og framtíð legsteinasafnsins er í uppnámi.

Leikmaður Breiðabliks stígur fram

Andrea Rán Snæfeld Hauksdóttir, leikmaður Breiðabliks í knattspyrnu, steig fram í vikunni en það var hún sem fékk COVID-19 sjúkdóminn og varð til þess að tvö lið í knattspyrnu fóru í sóttkví. Það reyndist henni afar erfitt þegar fjölmiðlar nafngreindu hana og birtu mynd af henni án hennar samþykkis. „Ég þurfti ekki einu sinni að kalla á mömmu, ég bara veinaði," sagði hún í samtali við mbl.is.

Tómlegur Herjólfsdalur í ágúst

Þjóðhátíð Vestmannaeyinga hefur verið aflýst, en slíkt hefur aldrei átt sér stað í yfir 100 ára sögu Þjóðhátíðar í Vestmannaeyjum. Ljóst er að þetta er mikið fjárhagslegt áfall fyrir íþróttafélag Vestmannaeyja, ÍBV. Þeir sem höfðu keypt sér miða á hátíðina geta fengið hann endurgreiddan, flutt hann yfir á næsta ár, eða styrkt ÍBV um andvirði miðans.

FARANGURSBOX
Í MIKLU ÚRVALI

VOTTAÐIR HÁGÆÐA VARAHLUTIR SÍÐAN 1962

HAPRO OG NORDRIVE

HAPRO **ROADY 350**

Burðargeta allt að **50 kg**
300 lítra **48.990 kr**

HAPRO **ROADY 450**

Burðargeta allt að **50 kg**
420 lítra **59.990 kr**

HAPRO **TRAXER 4.6**

Burðargeta allt að **75 kg**
370 lítra Svart **84.995 kr**

HAPRO **TRAXER 6.6**

Burðargeta allt að **75 kg**
410 lítra
Silfurgrátt **94.990 kr**
Steingrátt **94.990 kr**
Svart **119.990 kr**

HAPRO **TRAXER 8.6**

Burðargeta allt að **75 kg**
530 lítra
Silfurgrátt **124.990 kr**
Svart **139.990 kr**

NORDRIVE **330**

Burðargeta allt að **75 kg**
330 lítra Svart **58.989 kr**

NORDRIVE **430**

Burðargeta allt að **75 kg**
430 lítra
Silfur **53.499 kr**
Svart **74.990 kr**

NORDRIVE **530**

Burðargeta allt að **75 kg**
530 lítra
Hvítt **79.889 kr**
Silfur **79.889 kr**
Svart **92.169 kr**

Bílanaust

Á FULLRI FERÐ

STÓRVERSLUN
DVERGSHÖFÐA 2
110 REYKJAVÍK
S. 535 9000

Vatnagarðar 12
104 Reykjavík
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800

Hafnargata 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

www.bilanaust.is

HEILT FJÖLBÝLISHÚS GROTNAR NIÐUR Á BESTA STAÐ Í BORGINNI

Rúmenskir verkamenn búa frítt á Dunhaga 18-20. Á meðan sækjast eigendur eftir byggingarleyfi til endurbóta en erindi þeirra hefur velkst um í kerfinu í á þriðja ár.

Heimir Hannesson
heimir@dv.is

Í einu elsta, grónasta og dýrasta hverfi Reykjavíkurborgar stendur veglegt fjölbýlishús á þremur hæðum. Á jarðhæð hússins er um 600 fermetra verslunarrými. Bakvið húsið eru dyr tveggja stigaganga sem hvor um sig geymir fjórar nokkuð veglegar íbúðir. Eru þær á bilinu 93-130 fermetrar, þó flestar yfir 100. Húsið hefur talsverða sögu að geyma. Það var reist 1959 og hefur m.a. hýst vídeóleigu, Skóstofuna, mjólkurbúð Mjólkursamsölunnar, Jóa byssusmið, fisksölu og nú síðast Háskólaprent.

Húsið hefur, svo vægt sé til orða tekið, munað sinn fífil fegurri. Húsið liggur nú undir miklum skemmdum, eins og sjá má á meðfylgjandi myndum. Eigandi hússins er D18 ehf. Eigendur D18 ehf. eru samkvæmt fyrirtækjaskrá meðal annarra Magnús Magnússon og Guðrún Helga Lárusdóttir. Magnús fór fyrir eigendahópi Borgunar og var forsvarsmaður eignarhaldsfélagsins Borgunar. Í hópi eigenda eignarhaldsfélagsins Borgunar er Stálskip ehf. Stálskip ehf. er fjárfestingarfélag Guðrúnar Helgu Lárusdóttur og barna hennar. Guðrún er jafnframt eigandi þriðjungshlutar í D18 ehf. Guðrún og eiginmaður hennar, Ágúst Guðmundur Sigurðsson, ráku eitt sinn útgerðina Stálskip.

Dunhagi 18-20 er í eigu D18 ehf. sem er í raunverulegri eigu Stálskips og Magnúsar Magnússonar, stjórnarformanns Borgunar. MYND/ERNIR

Vont hús og verri stjórnsýsla

D18 ehf. keypti húsið sumarið 2009 og hefur því lítið sem ekkert verið haldið við síðan þá. Segja nágrannar að ástand hússins hafi versnað stöðugt síðan, þó mest á nýliðnum árum. Á Facebook-síðu íbúa í hverfinu segir einn íbúi að húsið hafi „ekki verið sérlega líflegt síðustu ár“. Þar kann að spila inn í að eigendur hafa um nokkurra ára skeið sóst eftir því að breyta húsinu og lóðinni

Aðrir nágrannar segja húsið lengi ekki hafa verið í lagi. „Það er löngu tímabært að gera eitthvað almennilegt við þennan blett og leiðinlegt að þetta hafi dregist svona.“ Segir hann jafnframt að hann sé fúll út í eigendur hússins fyrir að hafa ekki drifið sig í að klára þetta, fundið einhvern sameiginlegan flöt með nágrönnum hússins og hætt þessu „lögfræðistappi“. „Gera þetta bara í samráði við samfélagið í kring svo hægt sé að drífa í þessu og klára það.“

> *„Það er löngu tímabært að gera eitthvað almennilegt við þennan blett og leiðinlegt að þetta hafi dregist svona.*

„Lögfræðistappið“ sem íbúinn vísar til er skipulagsferli reitsins sem hefur verið í gangi a.m.k. síðan 2017. Sóttust þá eigendur Dunhaga 18 og 20 eftir heimild til að byggja hæð ofan á núverandi fjölbýlishús og fyrir aftan húsið, nýtt lyftuhús og viðbyggingu á einni hæð auk kjallara. Byggingarleyfið sem veitt var fyrir þeirri framkvæmd var kært til Úrskurðarnefndar um um-

Framhald á síðu 8 ➤

Aðgengi að stigagöngum Dunhaga 18 og 20 eru aftan við húsið. Segja íbúar í hverfinu að aðkoman hafi aldrei verið í lagi. MYND/ERNIR

Ætlun eigenda húsanna er að rífa þessa bílskúra og byggja við húsið að ofan og aftan. MYND/ERNIR

3M™ PELTOR™ WS™ ALERT™ XPI

Heyrnarhlíf með Bluetooth® MultiPoint tækni. Þráðlaus tenging við 2 Bluetooth tæki, FM útvarp og umhverfishljóðnemi.

Þú getur hlustað á tónlist og tekið við símtölum í mjög hávaðasömu umhverfi.

ALLAR STILLINGAR Í SÍMANUM

Í þessarri nýjustu útgáfu af Peltor WS Alert XPI getur þú breytt stillingum með smáforriti í annaðhvort Android eða iOS snjalltækjum.

Nýttu þér QR kóðana hér að neðan til að ná í 3M™ Equipment smáforritið fyrir þitt snjalltæki.



3M Equipment

iOS

Android

Kemi ehf | Tunguhálsi 10 | Sími 415 4000 | kemi@kemi.is | www.kemi.is

kemi

hverfis- og auðlindamál og felldi nefndin það úr gildi þar sem framkvæmdin átti sér ekki stoð í deiliskipulagi og grenndarkynning var ekki fullnægjandi.

Á byrjunarreit þremur árum síðar

Reykjavíkurborg fór þá af stað með deiliskipulagsvinnu og lauk henni með auglýsingu í Stjórnartíðindum í júlí í fyrra. Það skipulag var einnig kært og felldi nefndin það úr gildi í mars 2020. Á þessum tímapunkti voru því nærri þrjú ár liðin frá upphaflegri umsókn um byggingaleyfi og eigendur hússins á byrjunarreit. Húsið hafði á þessum tíma drabbast niður töluvert og nágrannar teknir að þreytast.

Þegar DV spurði nágranna hússins út í ástandið og viðbrögð nágranna voru svörin á ýmsa vegu. Sumir höfðu skilning á ætlunum eigenda hússins, aðrir alls ekki. Aðrir beindu reiðinni að borginni, aðrir ekki. Aðrir voru bara reiðir en ekkert endilega út í neinn. Enn aðrir sögðu bílastæðin þrætuepli, en nágrannar hafa nýtt ónotuð bílastæði Dunhaga 18-20 undir sín ökutæki. Einn kærandi í málinu sagðist langþreyttur á stjórnsýslunni: „Að við skulum þurfa að fara í gegnum ferlið í þrígang er alveg ótrúlegt. Það er eins og Reykjavíkurborg kunni ekki að lesa.“

Í dag stendur húsið tómt, yfirgefið og er vanrækt. Minnisvarði um svifaseina stjórnsýslu borgarinnar og göfugar ætlanir eiganda og margra ára vinnu þeirra sem nú er á byrjunarreit. Þegar blaðamann bar að garði á Dunhaga 18 blöstu við honum galopnar dyr og ruslahrúgur. Playstation-tölva og nýlegt sjónvarp lágu innan um annað rusl á jörðinni – fórnarlömb íslenskrar sumarbleytu. Opið var inn í gömlu skrifstofu Háskólaprents og þar talsvert af köttum af hlandlyktinni að dæma. Ljóst er að einhver hefur hreiðað um sig í einu horninu en enginn sjáanlegur. Staflar af sófum og rúmum og nokkur bretti af jarðfræðiblaðsíðum, sem eflaust áttu að verða að bók ,blöstu við.

Brotnar rúður í ónotuðum húsum. Þetta hefur blasað við íbúum Hagahverfis í áraraðir. MYND/ERNIR



Klæðning hússins er ónýt og hurðin stendur opin. Mörg hundruð fermetra kjallari stendur opinn fyrir veðri, vindum og óboðnum gestum. Rusl úr húsinu er í hrúgum utan við húsið að aftan og galopnar dyr. MYND/ERNIR

> *Það er eins og Reykjavíkurborg kunni ekki að lesa.*

Rúmenar í ókeypis húsnæði

Stigagangar íbúðarhússins voru jafnframt opnir og líf í þeim báðum. Blaðamaður var svo heppinn að rekast á íbúa annars þeirra. Voru þar Rúmenar að sjóða sér kartöflurétt í kvöldmat og buðu blaðamanni inn. Rúmenarnir vinna fyrir starfsmannaleiguna Ztrongforce ehf. Þeir hafa verið þar um einhverja hríð og herma heimildir DV að fyrirtækið hafi ekkert greitt fyrir húsnæðið nema hita og rafmagn. Vegna ástands hússins þykir ekki forsvaranlegt að innheimta leigu. Af stæðum pósts í anddyri hússins að dæma er ljóst að þar hefur búið einhver fjöldi af erlendu verkafólki á síðustu misserum.

Rekstur starfsmannaleiga hefur ekki farið varhluta af Covid-19-„ástandinu,“ enda samdráttur í ferðamennsku leitt til samdráttar í byggingageiranum og þessir tveir bransar verið hvað duglegastir að nýta sér þjónustu starfsmannaleiga. Engu að síður virtust heimilismenn á Dunhaga 18 hafa nóg að gera og héngu vinnugallarnir og vettlingarnir í sameigninni til þerris eftir langan vinnudag í rigningunni. Tekið skal fram að þrátt fyrir ömurlegt ástand hússins virtist íbúðinni sem strákarnir deildu vera ágætlega viðhaldið.

Þegar blaðamaður kvaddi strákana rúmensku varð honum kaldhæðnin skyndilega skýr: Á besta stað í Reykjavík stendur 1.500 fermetra fasteign niðurnídd. Eigendur vilja breyta húsinu til batnaðar og nágrannar vilja bætt ástand en deila um skilgreininguna á „batnaði“. Á milli situr svo skipulagssvið borgarinnar á byrjunarreit, fórnarlamb endalausra áfrýjunarleiða og kærumöguleika í skipulagsferlinu og svifaseinnar úrlausnar Úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál. Í húsinu búa svo rúmenskir verkamenn, kannski einmitt þeir sem fara í að bæta ástandið, þegar Íslendingarnir hætta að rífast. ■

Næturbrölt?

Glímir þú við tíð þvaglát?

FORMA / G LE SAGE

Er **loft í maga** og **meltingartruflanir** daglegir kvillar?

Hvönn er:
- Bakteríudrepandi,
- bólgueyðandi
- og styrkjandi

ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS

Fæst í öllum helstu matvöruverslunum, apótekum og heilsuvöruverslunum.

Langbest að vaða í hlutina

Vala Kristín og Júlíana Sara hafa gert fjórar gamanþáttaraðir á sex árum og eru án efa með fyndnustu leikkonum landsins. Þær standa fast á sínu og segja vinnuumhverfi leikara hafa breyst mikið á síðastliðnum árum.

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is

Árið 2014 fóru tvær ungar og óreyndar leikkonur á fund með Stöð 2. Þær lögðu þar fram hugmynd að nýjum sketsaþætti og sýndu stjórnendum stöðvarinnar grínatriði sem þær höfðu tekið upp á símana sína. Þátturinn fékk nafnið Þær tvær og sló í gegn. Þessar tvær leikkonur, Vala Kristín Eiríksdóttir og Júlíana Sara hafa síðan þá skrifað, framleitt og leikið í fjórum sjónvarpsþáttaröðum og er sú fimmta á leiðinni. Þær leiddu blaðamann DV í allan sannleikann um breytt landslag í leiklistarbransanum á Íslandi, vandræðaleg og skondin móment frá ferlinum, lífið, tilveruna, ástina og framtíðina.

Það er ekki leiðinlegt að umgangast þær Völu og Júlíönu. Þær líta þó ekki á sig sem

Vala og Júlíana eru sammála um að það sé langbest að vaða í hlutina, í stað þess að ofhugsa allt.

MYND/ERNIR

> *Þetta er eins og trampólín, því dýpra sem þú sekkur í eitthvað sem er satt og sárt, því meira leyfi hefurðu til að gera eitthvað sem er frumlegt eða flippað eða fyndið.*
>
> *Vala Kristín*

„fyndu gellurnar“ þó svo að aðrir hafi gert það.

Júlíana: „Mér finnst það alveg frekar óþægilegt stundum. Eins og núna um daginn þá var ég að tala við stelpu sem ég hafði ekki hitt áður og svo allt í einu sagði hún við mig „ég er sko bara að bíða eftir að þú segir eitthvað fyndið“.

Vala: „Mér er alveg sama þó ég sé „þessi fyndna þarna“ fyrir einhverjum úti í bæ. Það er bara fínt, en ég lít ekki á mig þannig.“

Venjulegt fólk

Þessa dagana standa yfir tökur á þriðju seríunni af Venjulegu fólki þar sem þær Vala og Júlíana leika aðalhlutverkin og skrifa handritið ásamt Dóra DNA og Fannari Sveinssyni. Glassriver framleiðir og verða þættirnir aðgengilegir í Sjónvarpi Símans Premium í haust.

Fyrsta þáttaröðin var frumsýnd hjá Sjónvarpi Símans í október 2018 og sló strax í gegn. Önnur þáttaröð fór síðan í loftið rúmu ári síðar og viðtökurnar voru þær sömu. Í október síðastliðnum var tilkynnt að þættirnir væru á leið vestur um haf en MHz Networks hefur keypt sýningarréttinn á þáttaröðinni sem mun fara í dreifingu í Bandaríkjunum. Það er því ljóst að mikið vatn hefur runnið til sjávar frá árinu 2014.

Í þáttunum leika þær nokkurs konar skáldaða útgáfu af þeim sjálfum. Þættirnir fjalla um hversdagsraunir vinkvennanna Völu og Júlíönu, sem báðar eru leikkonur að reyna að fóta sig í lífinu á meðan þær glíma við venjulega hluti eins og delluóðan eiginmann, stöðugt lífsgæðakapphlaup, ruddalegan yfirmann og svo mætti lengi telja.

Júlíana: „Fólk er alltaf að spyrja hvort við séum að leika okkur sjálfar. Þegar við byrjuðum að tala um hugmyndina þá byrjuðum við nálægt okkur og fórum svo fjær og fjær. Við héldum nokkrum atriðum og hentum burt öðrum. Á þessum tíma var Vala ekki í sambandi á meðan ég var gift og með tvö börn. Síðan skildi ég, og Vala fór í samband.“

Venjulegt fólk er gamanþáttaröð um hversdagslega hluti, aðstæður sem allir þekkja. „Þetta eru oft kómískar aðstæður sem fá fólk til að hlæja en það er líka botn í þessu, það verður að vera alvara líka.“

Vala: „Þetta er eins og trampólín, því dýpra sem þú sekkur í eitthvað sem er satt og sárt, því meira leyfi hefurðu til að gera eitthvað sem er frumlegt eða flippað eða fyndið.“

Venjulegt fólk fjallar meðal annars um sambönd: ný ástarsambönd sem eru að verða til og þróast og eldri sambönd þar sem aðilar þekkja hvorn annan út og inn og þurfa að hafa meira fyrir því en áður að halda neistanum. Rétt eins og persónurnar hafa Vala og Júlíana báðar fundið ást, tapað henni og fundið hana aftur. Þær eru báðar ástfangar upp fyrir haus í dag. Vala er í sambúð með Birki Blæ Ingólfssyni fréttamanni og skáldi og Júlíana fann ástina hjá Andra Jóhannessyni þyrluflugmanni.

Júlíana: „Ég fann ástina aftur eftir skilnað svo ég veit að það er hægt. Ég er ofboðslega hamingjusöm í dag.“

Vala: „Ég hef komist að því hvað það er mikilvægt að geta staðið ein, verið heil áður en maður fer í samband með einhverjum. Það er ekki gott að fara inn í samband með óuppgerð mál. Ég hef til dæmis áður tjáð mig opinberlega um hluti sem ég hef verið að glíma við, eins og átröskun og kvíða. Ég er rosalega fegin að ég var búin að vinna í þessum málum áður en við kynntumst.“

Réttur staður og réttur tími

Leiðir vinkvennanna lágu fyrst saman í Versló. Júlíana var síðan nýútskrifuð úr leiklistarnámi og Vala var á þriðja ári í leiklistardeild LHÍ þegar þær fóru á fund með stjórnendum Stöðvar 2 og lögðu fram hugmynd að nýjum sketsaþætti.

Vala: „Við ætluðum fyrst að gera leikrit saman en svo sáum við að efnið sem við vorum með var miklu hentugra í sketsaþætti. Við vorum samt ekki með einhverja úthugsaða hugmynd þegar við mættum upp á Stöð 2. „Þetta var meira: „hey, prófum þetta, gerum þetta bara. Eins og þegar þú ert krakki og dettur eitthvað í hug eins og að halda tombólu eða finna leynistað eða fara í mömmó. „Hey, komum í sjónvarpsþáttaleik“-stemning hjá okkur. Við notuðum svo bara símana okkar til að taka upp skets sem við sýndum á fundinum. Svo bara kom það á daginn að þetta var akkúrat rétti tíminn til að koma með sketsaþátt, það var pláss fyrir okkur, og þetta var kærkomin viðbót.“

Júlíana: „Mér fannst fyrst og fremst vera kominn tími á góða sketsaþætti á þessum tíma, ég hugsaði aldrei: „Ég er stelpa og þess vegna verð ég að gera þetta.“ Þarna voru margar æðislegar gamanleikkonur búnar að koma fram, eins og til dæmis Stelpurnar á Stöð 2. Ég var bara að fókusera á að koma með gott efni, fyrst og fremst.“

Þær eru sammála um að það er langbest að vaða í hlutina, í stað þess að ofhugsa allt.

Júlíana: „Ég pældi aldrei í því að þetta væri ekki nógu gott eða flott eða ekki nógu prófessional. Ég man alltaf eftir viðtali sem ég las við Kristen Wiig leikkonu þar sem hún sagði: „Um leið og ég fer að pæla í því hvernig fólk á eftir taka í hugmyndina mína þá er hugmyndin orðin ónýt.“ Mér finnst þetta frekar góð regla. Ég meina, þú getur hvort sem er aldrei gert öllum til hæfis.“

Vala: „Það er bara bilun að ætla að fara að fullkomna útkomuna áður en þú leggur af stað. Þá ertu aldrei að fara að gera neitt.“

Það eru ekki allir sem hafa kjark til að vaða í hlutina og taka af skarið, óviss um útkomuna. Vala og Júlíana segja það gleðilegt ef að þeirra árangur geti orðið hvatning fyrir annað ungt fólk, ekki síst stelpur, sem eiga oft erfiðara með að trana sér áfram.

Júlíana: „Mér finnst það svo æðislegt ef að við erum fyrirmyndir fyrir einhverja þarna úti, einhverjar svona litlar snúllur, en það er ekki eins og við höfum lagt upp með það.“

Vala: „Ef það eru einhverjar ungar stelpur eða bara krakkar þarna úti sem hugsa: „Vá það er hægt að gera svona“, þá er það auðvitað besta mögulega útkoman. Það er algjör heiður.“

Júlíana: „Mér finnst það hafa

skipt miklu máli fyrir okkur að hafa fyrirmyndir, ótrúlega flottar og fyndar konur eins og til dæmis Eddu Björgvins og Helgu Brögu og svo auðvitað Stelpurnar á Stöð 2.“

Konur, samkeppni og laun

Talið berst að konunum í leiklistarbransanum og launakjörum.

Júlíana: „Persónulega lít ég ekki á þetta sem einhverja samkeppni við aðrar leikkonur. Það eru auðvitað prufur sem þú ferð í en ég hugsa þetta meira þannig að þetta er týpuval, hvort sem þú færð hlutverkið eða ekki. Leiklist er list og þess vegna er þetta oft huglægt mat hjá hverjum og einum. Þú reynir að vera besta útgáfan af sjálfum þér.“

Vala: „Okkur hefur gengið vel, en við erum auðvitað bara að tala út frá okkur hvað varðar launamismun. Þetta er að breytast, þetta er bara hluti af einhverju gömlu sem er að deyja út.“

Júlíana: „Mér þótti alltaf erfiðast að semja um launin mín, mig langaði ekki að sýnast frek eða merkileg með mig. Núna erum við báðar með umboðsmann sem sér um þau mál fyrir okkur.

Vala: „Ég held að launaviðræður séu erfiðar fyrir alla leikara, og auðvitað mest þá sem eru að byrja í bransanum. Þessi vinna er samofin persónunni þinni; þú ert vinnan. Það er rosalega erfitt að sitja fyrir framan einhvern og segja: „Ég er milljón króna virði.“ Þú ert hræddur um að þú sért ekki nóg. Ég held að þetta sé alveg eins með leikara og leikkonur. Eftir því sem þú færð meiri reynslu þá færðu meira faglegt sjálfsöryggi. Núna er miklu algengara að leikarar á Íslandi séu með umboðsmann og það er auðvitað bara stórkostlegt. Ef þú ert með einhvern sem sér um þessi mál fyrir þig þá hættir þetta að vera persónulegt.“

Júlíana: „Það var erfitt að semja um laun í fyrstu, fannst mér. Við höfðum eiginlega engin viðmið. Ég bað um það sem mér fannst að ég ætti skilið.“

Vala: „Þegar við vorum að stíga fyrstu skrefin, þá fannst okkur bara svo magnað að vera að gera þetta. Þegar ég lít til baka þá hugsa ég alveg með mér að þetta hafi nú ekki verið mikill peningur sem við báðum um. En samt sé ég ekki eftir neinu. Þetta var eins og fá „masterclass“ í kvikmyndagerð.“

Síðan um leið og við fengum grænt ljós á að gera seríu tvö af Þær tvær þá gátum við sett fram aðeins meiri kröfur, eins og að fá greitt fyrir handritaskrifin líka. Við vorum komnar með aðeins meira sjálfstraust.“

Blaðamanni leikur einnig forvitni á að vita hvernig það sé að vera útivinnandi móðir „í bransanum“, á fullu að reyna að koma sér áfram samhliða því að reka fjölskyldu. Júlíana er tveggja barna móðir og segir það vera mikið púsl.

Stelpurnar segja #metoo byltinguna hafa valdið algjörum straumhvörfum í bransanum. MYND/ERNIR

> *Það var einhver svona pressa á stelpur, eins og þær þyrftu alltaf að vera kynþokkafullar.*
>
> *Júlíana Sara*

Júlíana: „Ég kannast sko alveg við þetta mömmusamviskubit. Sérstaklega þegar við vorum í tökum á annarri seríu og dagarnir voru langir og ég var alltaf á einhverjum bömmer að þurfa að biðja um pössun. Þetta er erfitt, en þetta hefst. Þetta reddast alltaf einhvern veginn.“

#Metoo breytti öllu

Talið berst að #metoo-byltingunni sem setti samfélagið nánast á annan endann. Leikarabransinn var svo sannarlega ekki undanskilinn og fjölmargar konur innan stéttarinnar stigu fram og tjáðu sig um kynferðislegt áreiti, ofbeldi og valdmisbeitingu sem þær höfðu orðið fyrir í námi og/eða starfi. Landsþekktir leikarar og leikstjórar sögðu upp eða var vikið úr starfi og umræðan varð allt í einu mun opnari.

Vala: „Ég man alveg eftir því þegar ég var í Leiklistarskólanum, það var einhver svona stemning í gangi þar, einhver svona hugsunarháttur sem ég tileinkaði mér þó svo að enginn hefði sagt neitt við mig. Mér fannst ég alltaf þurfa að vera rosa flott og kynþokkafull. Þegar ég var að útskrifast úr skólanum þá var metoo-byltingin að byrja og það var eins og allir væru að vakna til meðvitundar.

Júlíana: „Ég lærði leiklist úti í Bretlandi og það voru auðvitað æðisleg ár. En ég er alveg sammála Völu með þessa skrítnu stemningu. Það var einhver svona pressa á stelpur, eins og þær þyrftu alltaf að vera kynþokkafullar.“

Vala: „Þetta er að breytast rosalega mikið, ég get alveg sagt það. Það er eitthvað mjög stórt „shift“ í gangi.“

Vandræðalegir feilar

Eigið þið einhverjar sögur um vandræðaleg eða óþægileg atvik á ferlinum?

Júlíana: „Ég tók einu sinni að mér að vera svona leynigestur í veislu hjá vinnustað, úff, ég held að það sé með því óþægilegra sem ég hef gert. Ég átti sem sagt að leika kærustu nýja starfsmannsins og við áttum að gera okkur að fíflum og lyfta partýinu upp. Í lok kvöldsins fengu gestirnir svo að vita þetta hefði bara verið leikur, og allir í salnum voru bara: „Aaaaahh, ókei.“ Verst að það voru alveg nokkrir sem fóru áður en þetta var tilkynnt!“

Vala rifjar einnig upp þegar þær stöllur voru fengnar til að skemmta gestum í partýi sem var haldið í sal Hvalasýningarinnar á Granda.

„Það var alveg skelfilegt, bara eins vont að það gat orðið. Salurinn var þannig að það bergmálaði rosalega mikið og það voru mikil læti. Fólkið var augljóslega ekki að hlusta á okkur og það hló enginn. Ég man bara að þegar þetta var búið þá hugsaði ég með mér: „Ókei, er þetta málið? Er þetta eitthvað sem ég er að fara að vinna við?“ Ég ber alveg rosalega mikla virðingu fyrir þeim sem vinna við uppistand. Þá hefurðu nefnilega ekkert hlutverk til að fela þig á bak við, þú ert bara þú sjálfur og hlátur er eini mælikvarðinn á hversu góður þú ert. Og annað hvort hlær fólk eða ekki.“

Stelpurnar eru orðnar óhræddari

Það er ekki hjá því komist að ræða aðeins um konur í gríni, enda hafa þær lengi verið í algjörum minnihluta hér. Þær segja ákveðna vitundarvakningu hafa verið í gangi undanfarin misseri, og líklega hafi það byrjað með Stelpunum á Stöð 2. Stelpur eru óhræddari en áður en við að fara alla leið í grínið.

En öllu gríni fylgir einhver alvara, og líka pólitík. „Ég er ekki bundin neinum flokki eða neitt þannig. En ég meina, öllu gríni fylgir einhver afstaða. Þú getur til dæmis verið að leika manneskju sem er narsissískur fáviti, einhver sem kaupir allt það nýjasta og er ekki vinna fyrir hlutunum. En þú vilt sýna fram á fáránleikann, ekki ýta undir hann,“ segir Vala.

Ætluðu að verða lögga og læknir

Það er allt opið varðandi framtíð hjá þeim vinkonum og samstarfskonum. Það er heldur ekkert öruggt, og það er ekki alltaf auðvelt að gera plön þegar kemur að leiklistinni.

Vala: „Þegar ég var í Versló ætlaði ég að verða læknir. Ég skráði mig í lífefnafræði eftir stúdentinn af því að það árið voru ekki haldin inntökupróf í læknadeildina. En svo fékk ég vinnu í Borgarleikhúsinu og ég varð bara heltekin. Þannig að það varð ekkert úr lífefnafræðinni eða læknisfræðinni. En jæja, ég styrkti allavega Háskóla Íslands um 40 þúsund krónur!“

Júlíana: „Á sínum tíma þá skráði ég mig Lögregluskólann af því að ég sá fram á að vera verkefnalaus um haustið. Ég hugsaði þá bara með mér að ég gæti alveg eins orðið bara lögga, mér hefur alltaf fundist löggustarfið rosalega spennandi. En svo fóru verkefnin allt í einu að hrúgast inn hjá mér og það varð fullt að gera. En kannski fer ég í lögguna seinna? Það er ágætt að hafa eitthvað plan b. Ég hef aldrei verið með eitthvað svona „fimm ára plan“. En fyrir nokkrum árum skrifaði ég lista yfir það sem ég vildi gera sem leikkona. Eitt af því sem ég skrifaði niður var að vinna með Baldvin Z leikstjóra. Og núna í dag er hann að vinna með okkur að þáttunum Venjulegu fólki, hann og framleiðslufyrirtækið Glassriver, sem er alveg magnað. En það er alltaf þessi hugsun í gangi hjá manni: Þú veist aldrei hvenær hættir að ganga vel. Eftir hvert verkefni hugsarðu kannski: „Ókei, nú er þetta búið.“ Ég er alltaf bara svo þakklát fyrir að fá að vinna.“ ■

SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957

EIGNAMIÐLUN

FREKARI UPPLÝSINGAR

Brynjar Þór Sumarliðason
Löggiltur fasteignasali
Sími 896-1168

Kjartan Hallgeirsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 824-9093

Unnar Kjartansson
Nemi til löggildingar fasteignasala.
Sími 867 0968

Bjarni T. Jónsson
Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali.
Sími 895 9120

Herdís Valb. Hölludóttir
Löggiltur fasteignasali
Sími 694 6166

Ólafur H. Guðgeirsson
MBA Rekstrar.hagfr./ löggiltur fasteignasali.
Sími 663 2508

EFSTALEITI OG LÁGALEITI
103 REYKJAVIK

- Nútímalegt íbúðarhverfi á einum besta stað í borginni. Sannkallað miðborgar hverfi í göngufæri við helstu verslunar- og þjónustukjarna borgarinnar og falleg útivistarsvæði.
- Íbúðirnar eru glæsilega innréttaðar.
- Rut Kára innanhússarkitekt sér um efnis- og litaval á innréttingum og flísum.
- Hluti íbúða tilbúnar til afhendingar. Fjölbreytt úrval íbúða, verð frá 34,9 millj.

BÓKIÐ SKOÐUN HJÁ SÖLUMÖNNUM

FJÖLBREYTT ÚRVAL ÍBÚÐA, VERÐ FRÁ 34,9 MILLJ.

FREKARI UPPLÝSINGAR

Ólafur H. Guðgeirsson
MBA Rekstrar.hagfr./ löggiltur fasteignasali. Sími 663 2508

Bjarni T. Jónsson
Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali. Sími 895 9120

Herdís Valb. Hölludóttir
Löggiltur fasteignasali
Sími 694 6166

Hrafnhildur B. Baldursdóttir
Löggiltur fasteignasali
Sími 862 1110





URRIÐAHOLTSSTRÆTI 14-20

VERÐ FRÁ 49,9 MILLJ.

BÓKIÐ SKOÐUN HJÁ SÖLUMÖNNUM

- Vandaðar og vel skipulagðar íbúðir í tveimur húsum með sameiginlegum bílakjallara.
- Stæði í bílageymslu fylgir flestum íbúðum.
- Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna.

Afhending íbúða í ágúst 2020
Stærðir frá 86,2-241 fm
Verð frá 49,9-135 mkr.

FREKARI UPPLÝSINGAR

Ólafur H. Guðgeirsson
MBA Rekstrar.hagfr./ löggiltur fasteignasali. Sími 663 2508

Bjarni T. Jónsson
Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali. Sími 895 9120

Herdís Valb. Hölludóttir
Löggiltur fasteignasali
Sími 694 6166

Hrafnhildur B. Baldursdóttir
Löggiltur fasteignasali
Sími 862 1110

6 ÍBÚÐIR EFTIR 3-4 HERB.





LYNGÁS 1
210 GARÐABÆR

VERÐ FRÁ 48,9 MILLJ.

BÓKIÐ SKOÐUN HJÁ SÖLUMÖNNUM

- Hagkvæmar fjölskylduíbúðir á frábærum stað í Garðabæ
- Sérinngangur af svalagangi
- Bílastæði í lokuðu bílastæðahúsi
- Vandaðar innréttingar frá AXIS
- Vel skipulagðar íbúðir
- Sér afnotaréttur á jarðhæð
- Tilbúnar til afhendingar

westfalia AUTOMOTIVE

DRÁTTARBEISLI

Hágæða beisli, föst eða losanleg, fyrir flestar gerðir fólksbíla og jeppa. Upplýsingar um verð og afgreiðslutíma hjá Bílanaust.

Bílanaust
Á FULLRI FERÐ

Hafnargötu 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

STÓRVERSLUN
DVERGSHÖFÐA 2
110 Reykjavík
S. 535 9000

Vatnagörðum 12
104 Reykjavík
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800

www.bilanaust.is

Gott ráð er að geyma verðmætustu munina á ódæmigerðum stöðum. MYND/GETTY

Á ÁBYRGÐ EIGANDA AÐ ALLT SÉ LOKAÐ OG LÆST

Nú er tími sumarleyfa og því mikilvægt að gæta að öryggi heimilisins á meðan á ferðalaginu stendur.

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is

Það er mikilvægt að hafa það í huga að því meira sem þú setur á samfélagsmiðlana, myndir og slíkt úr fríinu, því meira ertu að auglýsa að þú sért ekki heima," segir Sigrún A. Þorsteinsdóttir sérfræðingur í forvörnum einstaklinga hjá VÍS. Fjölmörg dæmi eru um að tryggingar bæti ekki fyrir innbrot þar sem húseigendur hafa ekki gætt að einföldum atriðum.

Heimilistryggingar bæta tjón vegna innbrots í læstar íbúðir, hvort sem brotist er inn um glugga eða dyr eða farið inn með stolnum lykli eða þjófalykli. Það er því gríðarlega mikilvægt að gæta þess mannlaus hús séu alltaf læst og öllum gluggum lokað. Annars er hætta á að tjónið lendi alfarið á eigandanum, enda nær hugtakið innbrot yfir athöfnina þegar einhver brýtur sér leið inn í húsnæði í stað þess að fara inn um venjulegar inngönguleiðir.

Nágrannavarsla mikilvæg

„Það er því miður þannig að þeir sem eru í þessum „bransa", þeir eru að fylgjast grannt með. Hvenær fólk fer og hvenær það kemur. Þeir labba niður götuna á nóttunni og kanna hvar útidyrahurðir og bílhurðir eru opnar. Númer eitt, tvö og þrjú er að gæta að allar útidyrahurðir séu læstar og að svalir og gluggar séu krækt aftur. Þá er mikilvægt að muna eftir að taka raftæki úr sambandi og skrúfa fyrir vatn að vatnstengdum vélum," segir Sigrún í samtali við DV.

Hún segir það vera ein algengustu mistök fólks að biðja ekki nágranna eða einhvern nákominn um að taka póst sem kemur inn á heimilið. „Þetta á kannski fyrst og fremst við um þá sem búa í raðhúsi eða minni fjölbýlishúsum. Pósturinn fær að hlaðast upp í daga og vikur og það er auðvitað bara auglýsing fyrir það að enginn sé heima."

Hún segir mikilvægt að fólk leiti til nágranna eða annarra upp á aðra hluti, til dæmis við að slá garðinn eða leggja bíl í bílastæði sem annars væri tómt dögum saman. Gera þannig allt sem mögulegt er til að láta líta út fyrir að einhver sé heima.

Tímastillt ljós eru tilvalin

Margir grípa til þess ráðs að hafa kveikt á ljósum og útvarp í gangi á heimilinu þegar þeir fara í frí en Sigrún bendir á að slíkt geti jafnvel vakið grunsemdir hjá óprúttnum aðilum. Nú í dag séu komnar fjölmargar betri lausnir. Hún nefnir sem dæmi tímastillt ljós, sem slokkna og kvikna á ákveðnum tímum. „Það er nefnilega mikilvægt að hafa ekki alltaf kveikt á sömu ljósunum í sömu herbergjunum."

Aðspurð um öryggiskerfi segir Sigrún að myndavélar og innbrotskerfi séu alltaf örugg lausn, og þökk sé tækninni í dag þá þurfa slík tæki ekki að kosta mikið eða vera flókin í uppsetningu. Ýmiss konar forrit eru á markaðnum sem gera fólki kleift að fylgjast með úr snjallsímanum. „Það þarf ekki alltaf að kaupa vöktun hjá einhverju fyrirtæki. Myndgæðin í dag eru orðin mjög góð."

> *Gott er að hafa í huga hvar verðmætin eru geymd á heimilinu.*

„Svo er mikilvægt að hafa ekki lausamuni fyrir utan húsið, eins og hjól eða sláttuvél eða eitthvað sem getur auðveldað þjófum að brjótast inn, eins og stigi. Líka að láta hluti ekki sjást innan frá, þegar horft er inn um glugga, hluti eins og fartölvur og myndavélar.

Sigrún bendir að lokum á að gott sé að hafa í huga hvar verðmætin eru geymd á heimilinu. Það sé t.d. algengt að fólk geymi skartgripi í svefnherberginu, en ekki á ódæmigerðum stöðum, eins og í kassa í þvottahúsinu. „Þegar menn brjótast inn þá fara þeir oftast hratt yfir og fara beint á augljósustu staðina. Þeir gefa sér sjaldnast mikinn tíma í að leita og gramsa." ■

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga lokað
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

KRAKKARNIR VILDU EKKI AÐ ÉG LÉKI RONJU RÆNINGJADÓTTUR

Fyrstu minningar Hrafnhildar Ming Þórunnardóttur um mismunun vegna húðlitar eru síðan hún var í leikskóla. Hún segir kynþáttafordóma vera mjög alvarlegt vandamál.

Erla Hlynsdóttir
erlahlyns@dv.is

Þrátt fyrir ungan aldur hefur Hrafnhildur látið til sín taka í umræðunni um kynþáttafordóma. MYND/VALLI

Uppruni minn á ekki að vera brandari annarra,“ segir Hrafnhildur Ming Þórunnardóttir, tæplega 18 ára nemi við Kvennaskólann í Reykjavík. Hrafnhildur var ættleidd frá Kína og hefur búið á Íslandi frá því hún var 14 mánaða gömul. Þrátt fyrir ungan aldur hefur Hrafnhildur látið til sín taka í umræðunni um kynþáttafordóma og í byrjun árs hélt hún til að mynda erindi í Veröld – húsi Vigdísar um það hvernig það hefur verið fyrir hana að búa á Íslandi, hafandi annað útlit og annan bakgrunn en flestir Íslendingar.

Black lives matter-hreyfingin um allan heim fékk byr undir báða vængi í vor eftir að George Floyd var drepinn af lögreglumanni í Bandaríkjunum. Hér á landi var haldinn fjölmennur samstöðufundur en um svipað leyti birtist myndband af leikaranum Pétri Jóhanni Sigfússyni sýna það sem mörgum þótti ósmekklegt grín á kostnað fólks af asískum uppruna. Pétur Jóhann baðst síðar afsökunar á hegðun sinni. Í kjölfarið fór af stað mikil umræða um fordómafullt „grín“ og þá fordóma sem fólk af erlendum uppruna verður fyrir hér á landi.

Ekki með „húðlitaða“ húð

„Við fæðumst fordómalaus og sem börn þá eru önnur börn okkur sem jafningjar, sama hvernig eða hver þau eru. Við lærum svo frá fjölskyldu, vinum og samfélagi að þróa með okkur ákveðna fordóma, hvort sem það er vísvitandi eða ekki. En hversu snemma byrjum við að þróa þessa fordóma með okkur?“ spyr Hrafnhildur.

„Ég ólst upp við þá trú að brúni liturinn minn væri ekki það sama og húðlitaður. Flest lærum við muninn á brúnum og húðlituðum í leikskóla. Ég man eftir því að hafa ekki mátt leika Ronju Ræningjadóttir á leikskóla, vegna þess að hún var ekki kínversk. Hverjir bönnuðu mér það? Krakkarnir á leikskólanum. Ég man þegar mér var strítt í ballett fyrir að hafa kúkabrúnan lit. Það var í 2. bekk. Ég get ekki talið þau skipti sem jafnaldrar mínir komu til mín, búin að teygja á augunum með puttunum og fóru með ching chong ching-„vísuna“ sem flestir, með asískt útlit ættu að kannast við. „Þetta er nú ekki svo alvarlegt,“ gæti einhver sagt. Nei, kannski ekki, en á einhverjum tímapunkti þarf að taka svona hegðun alvarlega. Hvers vegna ekki í leikskóla?“

> *Ég man þegar mér var strítt í ballett fyrir að hafa kúkabrúnan lit.*

Hrafnhildur leggur áherslu á að hún sé vitanlega að tala um eigin upplifun. „Ég hef örugglega ekki orðið fyrir jafnmiklum fordómum vegna húðlitar míns og einhver annar en þó jafnvel meiri en öðrum. Ég er ekki svört, eða þeldökk eins og einhverjir myndu orða það en þó hef ég lent í ýmsu,“ segir hún.

Fáfræði um rasisma

Hrafnhildur segir að það sé sannarlega til fólk sem trúir því ekki að það séu kynþáttafordómar á Íslandi. „Það kemur betur og betur í ljós hve fáfróðir margir eru um rasismann á Íslandi með hverri fréttagreininni sem segir „rasisminn algengari en okkur grunar“. Ef þið voruð ekki búin að fatta það þá er langstærsti hlutinn af „okkur“ hvítt fólk. Við þá einstaklinga vil ég segja eftirfarandi:

Hafið þið verið sökuð um að taka atvinnutækifæri frá landinu þar sem það er ekki „sannur Íslendingur“ í ykkar starfi? Hafið þið verið kölluð þrælar vegna uppruna? Hefur einhver neitað að tala við ykkur á íslensku, vegna þess að aðilinn trúir því einfaldlega ekki að þú getir skilið eða talað íslensku? Hafið þið verið beðin um að óhreinka ekki mat annarra?“ spyr hún en Hrafnhildur varð fyrir því þegar hún vann í bakaríi að eldri maður hafði áhyggjur af því að bakkelsið yrði á einhvern hátt „óhreint“ ef hún afgreiddi hann.

Ófyndnir ættleiðingarbrandarar

„Það eru til ótal dæmi um fáránlega hegðun hvítra Íslendinga gagnvart þeim sem hafa annan húðlit. Varðandi myndbandið af Pétri Jóhanni þá baðst hann afsökunar á hegðun sinni og því að hafa sært fólk. Mér finnst það persónulega flott að hann hafi tekið ábyrgð á gjörðum sínum og beðist afsökunar. Höfum það þó í huga að þótt afsökun hans hafi verið tekin gild þá er svona hegðun ekki í lagi, hvort sem viðkomandi var í einkasamkvæmi eða annars staðar. Þá komst ég ekki hjá því að reiðast þegar ég las ummælin þar undir. Allir þeir sem skrifuðu: „Hvað er fólk að væla yfir öllu, hann á ekki að biðjast afsökunar á að vera fyndinn,“ voru hvítir.

Með þessari hegðun þá var ákveðinn hópur særður. Það er því ekki í verkahring hins hópsins að ákveða hvort einhver eigi rétt á því að upplifa þetta á sáran hátt. Ef ör er skotið að tveimur mönnum og annar særist, þá er það ekki hlutverk hins að ákveða hvort sá særði megi finna til eða ekki,“ segir Hrafnhildur

„Ég, ásamt öllum öðrum, get ekki breytt því hvar ég fæddist. Ég get ekki breytt þeirri staðreynd að ég sé ættleidd en mér hefur verið strítt nóg fyrir það til að finnast brandarar um ættleiðingu leiðinlegir og ófyndnir, hvort sem þeir koma frá mínum nánasta vinahópi, fjölskyldu eða einhverjum manni úti í bæ. Með rasískum bröndurum erum við að réttlæta rasíska hegðun og þannig normalísera rasisma,“ segir hún. ■

AKUREYRI
Það er eitthvað við hana
visitakureyri.is

KLUKKUSTUND Í KYNLÍFSHERBERGI

Síðasta miðvikudag birtust fréttir um kynlífsherbergi í miðborg Reykjavíkur. Herbergi sem hægt er að panta með stuttum fyrirvara og er sérútbúið fyrir kynlífsathafnir.

Jón Þór Stefánsson
jonthor@dv.is

Sérútbúið kynlífsherbergi í miðbæ Reykjavíkur kostar 15.000 kr. klst. MYND/JÞS

Fréttin um herbergið sem birtist á DV.is sl. miðvikudag, var sú mest lesna daginn sem hún birtist svo ljóst er að landsmenn eru forvitnir um herbergið. Blaðamaður DV ákvað að fórna sér og bóka herbergið.

Fyrsta klukkustundin kostar 15.000 krónur, Eftir það lækkar verðið í 6.000 krónur á tímann. Þetta verð truflaði mig lítið (enda þurfti ég ekki að borga sjálfur). Þó lét ég einn tíma nægja.

Bókunarferlið

Bókað er í gegnum heimasíðuna sexroom.is og þarf að gefa upp greiðslukort eða notast við Pei-greiðslukerfi sem býður einnig upp á greiðsludreifingu. Á kortayfirlitinu kemur aðeins fram rukkun frá Greiðslumiðlun. Gefa þarf upp símanúmer til að fá sendan staðfestingarkóða og email til að fá senda kvittun. Þetta fannst mér nokkuð persónuleg nálgun því í raun er ég að gefa upp fullt nafn og mynd í gegnum þessar upplýsingar. Klukkustund fyrir bókaðan tíma fékk ég svo sms með staðsetningu herbergisins.

Leikhústjöld og drama

Á slaginu 18.00 var ég mættur fyrir framan heimilisfangið. Hús sem er eflaust ekki sögufrægt, en vissulega áberandi í miðborginni. Ég hafði búist við því að þurfa að ganga inn um langa óhugnanlega ganga til að komast í herbergið, sem var ekki raunin, heldur voru bara einar dyr. Fyrir framan dyrnar var talnalás þar sem ég stimplaði inn fjögurra stafa kóða sem ég hafði fengið sendan í tölvupósti.

Í svartri lítilli forstofunni var kolniðamyrkur. Umkringdur svörtum leikhústjöldum sá ég glitta í rauðan ljósbjarma. Ég kom mér inn í sjálft herbergið, þar sem ég sá rúm, rólu, bekk og stórt X. Allt lýst upp með eldrauðum ljósum.

Hvað var ég nú búinn að koma mér út í? Ég var hræddur um að einhver væri að fylgjast með mér. Hræddur um að einhver sem ég þekki hefði horft á mig labba inn í herbergið og hugsað: „Hvað er hann að gera þarna einn?“ – Hvað var ég að gera þarna? Ég átti erfitt með að svara því sjálfur. Forvitnin og fórnfýsi mín fyrir lesendur hafði rekið mig áfram á þennan undarlega stað.

Á rúminu biðu mín fjórir smokkar. Rúmið var stórt og á því var svört dýna, en enginn koddi. Ég lagðist upp í rúmið og hugsaði minn gang. Dýnan var merkilega þægileg, en ég myndi ekki ráðleggja neinum að panta herbergið til þess eins að kúra eða taka sér blund. Á rúminu voru mörg handföng og rimlar auk þess sem stóran spegil var að finna fyrir ofan sjálft rúmið.

Engin róló-róla

Rólan var ekki eins og þær sem maður kannast við af leikvöllum. Á þessari voru festingar, handföng, keðjur og krókar. Hún virtist vera tengd við takkaborð, með þremur tökkum. Einn takkinn benti upp, annar niður, sá þriðji í hring. Ég óttaðist þessa takka. Ég þorði ekki að ýta á þá, en eftir smá stund lét ég mig hafa það. Upp úr krafsinu kom lítið, ekkert nema einstaka hljóð sem að fengu mig til að óttast um að ég væri hugsanlega að eyðileggja eitthvað. Ég leyfði mér aðeins að setjast í róluna, en áttaði mig fljótt á því að það væri ekkert svakalega sniðugt, en ég á það til að vera klaufskur og nenni ekki að fara í gips.

Einnig var að finna bekk annars vegar og hins vegar stórt X úr stáli, fast við gólfið úti í horni. Ég verð að viðurkenna að ég átta mig ekki alveg á því hvert notkunargildi þessara hluta var. Án þess að velta því of mikið fyrir mér, þá leyfi ég mér að spyrja hvort það væri betra að hafa leiðbeiningar til að útskýra það?

Vantar stemningstónlist

Á heimasíðunni kemur fram að gestum sé ekki heimilt að koma með eigin tæki og tól, því hafði ég búist við því að finna fleiri slík, eins og titrara, dildóa og svipur. Ekkert þannig var sjáanlegt, en það er eflaust sniðugt af almennum sóttvarnarástæðum. Þó hefði verið gaman að finna svona Eyes Wide Shut-Feneyja-grímur, en þær voru heldur ekki til staðar.

Annað fannst mér vanta, en það var AUX-snúra í gott hátalarakerfi. Í herberginu var dauðaþögn, fyrir utan loftræstikerfi sem gaf reglulega frá sér smá hljóð. Mig grunar að fólk, sem að langar að mæta þangað, vilji setja smá tónlist í gang. Þögnin átti einnig ekki vel við þann mikla hita sem var inni í herberginu. Ég var ekki lengi að koma mér úr regnstakknum og skónum. Ég var meira að segja farinn að svitna. Og ekki af erótískum ástæðum.

Í einu horninu var að finna þann hluta rýmisins sem eflaust mætti kalla eðlilegastan, en það var baðherbergið. Þar var klósett, vaskur og sturta í heldur heimilislegum stíl. Auk þess hafði ég aðgang að þremur handklæðum, klósettpappír og sjampóbrúsum og sápu. Þar sem mér var orðið heitt hugsaði ég um að fara í sturtuna. Mér fannst samt eitthvað bogið við það og ákvað að sleppa því, ég var jú í vinnunni.

Speglapartý

Eitt sem vakti athygli mína var fjöldi spegla á staðnum. Sturtuinnréttingin sýndi spegilmyndina, aðalherbergið var fullt af speglum, bæði á veggjum og lofti og svo var auðvitað spegill hjá baðherbergisvaskinum. Ég velti fyrir mér ástæðum þess.

Þessi heimsókn mín var sérkennileg. Ég held að ég hafi sjaldan upplifað mig eins einmana og einmitt þarna. Spurning hversu mikið þögnin, speglarnir og umhverfið í heild sinni hafi stuðlað að þessum einmanaleika?

Þegar tíminn minn fór að líða að lokum fór ég út. Ég var ekki lengi að setja upp hettu, en einhverra hluta vegna fann ég fyrir smá skömm. ■

SYSTEMS One

www.one.is · one@one.is
sími: 660 8551 · fax: 588 1057

Vilt þú koma skjalamálunum í lag?

SYSTEMS OneRecords
Mála- og skjalakerfi

OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitarfélögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma.

Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.

SYSTEMS OnePortal Self-Service

OnePortal er vefgátt sem gerir fyrirtækjum og sveitarfélögum kleift að veita íbúum þjónustu allan sólahringinn, allt árið um kring. Rafrænir innri ferlar eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa eða viðskiptavini, þar sem þeir geta afgreitt sig sjálfa á sjálfvirkan máta með innsendingu umsókna og erinda á vef.

SYSTEMS OneQuality

Gæðastjórnun á stóran þátt í góðum árangri fyrirtækja. OneQuality er lausn sem auðveldar allt vinnferli við útgáfu og utanumhald gæðahand- bókar og skjala.

MoReq2

Þróunarstefna OneSystems styður Moreq2, kröfur evrópulanda um gagnsæi, rekjaleika og öryggi.

VELJUM ÍSLENSKT - VELJUM ÍSLENSKT - VELJUM ÍSLENSKT

Hagkvæmar lausnir
með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.

OneSystems bjóða heildarlausn
í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga
og þjónustu við viðskiptavini og íbúa þeirra

SYSTEMS One®
www.one.is

OneSystems - sími: 660 8551 | fax: 588 1057 | www.one.is | one@one.is

VINNUVERNDARINN

Varstu snuðaður um laun eða réttindi á vinnumarkaði? **LÁRA V. JÚLÍUSDÓTTIR** er sérhæfð í vinnurétti og höfundur margra rita sem notuð eru í lögfræðikennslu á Íslandi. Hún vakti nýlega athygli er hún tók að sér mál Kristjönu Valgeirsdóttur, fjármálastjóra stéttarfélagsins Eflingar, sem ber fyrrum vinnuveitanda sínum ekki vel söguna. Lára hefur einnig tekið að sér mál á sviði sifjaréttar svo sem skilnaði og forsjármál.

KONUNGUR ÞROTABÚANNA

SVEINN ANDRI SVEINSSON er konungur þrotabúanna, þó svo að margir deili oft um ágæti hans við þau störf. Hann hefur verið skipaður skiptastjóri hvers risaþrotabúsins á fætur öðru. Það kostar þó skilding að fá Svein Andra í þrotabúið sitt en hann rukkar ríflega 40 þúsund krónur fyrir hverja klukkustund. Hann var skipaður einn skiptastjóra flugfélagsins WOW, kröfuhöfum til lítillar gleði, en margir hefðu þeir gjarnan viljað ódýrari aðila sem ekki er jafn umdeildur í starfið.

MEIÐYRÐAMEISTARINN

Viltu stefna einhverjum vegna meiðyrða? Leitaðu ekki lengra. Varla fer meiðyrðamál fyrir dóm án þess að **VILHJÁLMUR H. VILHJÁLMSSON** komi við sögu. Tók hann meðal annars að sér meiðyrðamál Egils Einarssonar, eftir að nokkrir aðilar bendluðu hann við meint kynferðisbrot, mál manna sem sakaðir voru um kynferðisbrot í svonefndu Hlíðamáli og mál Guðmundar Spartakusar Ómarssonar gegn fjölmiðlamönnunum Sigmundi Erni Rúnarssyni og Atla Má Gylfasyni vegna umfjöllunar þeirra um meinta aðkomu Guðmundar að fíkniefnum og hvarfi Friðriks Kristjánssonar.

ÞESSIR LÖGMENN VITA HVAÐ KLUKKAN SLÆR

Erla Dóra Magnúsdóttir
erladora@dv.is

Á Íslandi má finna fjölda lögfræðinga og lögmanna. Sumir eru meira áberandi en aðrir. Hér eru nokkrir gífurlega vinsælir lögmenn sem vert er að fylgjast með.

RÉTTARGÆSLUKONAN

SIGRÚN JÓHANNSDÓTTIR hefur getið sér gott orð sem réttargæslumaður brotaþola í refsimálum, þá oft í kynferðisbrotamálum. Hún er réttargæslumaður kvenna sem hafa sakað stjörnumeðhöndlarann Jóhannes Tryggva Sigurbjörnsson um kynferðisbrot, þó svo að verjandi Jóhannesar hafi farið fram á að hún hefði stöðu vitnis í málinu. Árið 2015 hóf lögmannsstofa Sigrúnar að bjóða þolendum kynferðisofbeldis upp á ráðgjöf og þjónustu, þeim að kostnaðarlausu.



Á UPPLEIÐ

HILDUR HJÖRVARR starfar sem lögfræðingur við Mannréttindadómstól Evrópu. Hún hlaut árið 2017 hæstu einkunn sem þá hafði verið gefin fyrir fullnaðarpróf í lögfræði og sópaði til sín öllum verðlaunum sem voru veitt fyrir námsárangur á námstíma hennar í Háskóla Íslands. Það verður fróðlegt að fylgjast með þessari öflugu konu í framtíðinni sem er án efa ekkert nema björt.

IVANA ANNA NIKOLIC hlaut í vor hæstu einkunn sem hefur verið veitt fyrir meistarapróf í Háskóla Íslands með 9,5 í meðaleinkunn. Hún dúxaði einnig í bakkalárnáminu og hlaut hæstu meðaleinkunn á fyrsta ári lögfræðinnar. Hún er sem stendur lögfræðingur hjá Umboðsmanni Alþingis en kveðst hlakka til að prófa sig áfram í framtíðinni.

SAKAMÁLATRÍÓIÐ

SIGURÐUR G. GUÐJÓNSSON er hæstaréttarlögmaður sem hefur einnig haft annan fótinn í fjölmiðlun í gegnum árin. Hann hefur gegnt lögmannsstörfum fyrir marga stóra aðila í íslensku viðskiptalífi, meðal annars fyrrum bankastjóra Landsbanka Íslands, eigendur World Class og Jón Ásgeir Jóhannesson. Sem stendur er hann verjandi konu sem er grunuð um að hafa svikið fleiri milljónir út úr systrum sem glíma við Alzheimer.

ÓMAR R. VALDIMARSSON var blaðamaður og almannatengill áður en hann snéri sér að lögmennsku. Þrátt fyrir að aðeins séu fimm ár síðan að Ómar hlaut málflutningsréttindi hefur hann getið sér gott orð sem verjandi í sakamálum og er meðal þeirra lögmanna sem Afstaða, félag fanga, hefur lýst yfir trausti á. Ómar hefur vakið athygli fyrir nýja aðferð við öflun skjólstæðinga en hann fylgdist með dagskrá dómstóla og hafði samband við sakborninga og bauð þeim þjónustu sína. Töldu sumir þessa háttsemi hans hafa valdið því að nöfn sakborninga koma ekki lengur fram í dagskrá dómstóla. Ómar lét þá gagnrýni lítið á sig fá og sagðist aðeins hafa það að markmiði að tryggja sakborningum réttláta málsmeðferð.

STEINBERGUR FINNBOGASON er á lista Afstöðu, félags fanga, yfir þá lögmenn sem félagið ber traust til. Fyrir fjórum árum var Steinbergur úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna gruns um að hann ætti aðild að farsakenndu fjársvikamáli skjólstæðings síns, en málið var látið niður falla og stefndi Steinbergur í kjölfarið ríkinu vegna þeirrar frelsissviptingar sem honum var gert að sæta. Krafðist hann um 10 milljóna króna í skaðabætur vegna málsins. Steinbergur er verjandi Jóhannesar Tryggva Sveinbjörnssonar, stjörnumeðhöndlara, sem kærður hefur verið um kynferðisbrot gegn fjölda kvenna.

FORSJÁRFÉLAGINN

Þegar kemur að forsjármálum þá heyrist oft eitt nafn nefnt. **VALBORG Þ. SNÆVARR**. Valborg hefur rekið gífurlegan fjölda forsjármála í gegnum árin, við góðan orðstír og ekki á hún langt að sækja hæfnina en faðir hennar Ármann Snævarr var mikils metinn lagaprófessor sem skrifaði meðal annars umfangsmikið rit um hjúskapar- og sambúðarrétt. Eins var hann um tíð rektor Háskóla Íslands og hæstaréttardómari.

MANNRÉTTINDAMÓGÚLLINN

RAGNAR AÐALSTEINSSON hefur yfir hálfrar aldar reynslu af lögmannsstörfum og hefur mikla sérhæfingu hvað varðar stjórnskipun landsins og mannréttindi. Hann er því góður haukur í horni hvers er telur sig hafa verið beittan misrétti af yfirvöldum, sem og öðrum. Hann tók meðal annars að sér mál Eflingar á hendur starfsmannaleigunni Menn í vinnu.

FRÁBÆRAR KILJUR

Eitthvað fyrir alla í helgarlesturinn

Jack Reacher er mættur aftur til leiks í bók sem grípur þig heljartökum strax frá upphafi

★★★★

SG/ Morgunblaðið

1 BÓKSÖLU LISTINN Topplistinn Júní



3 BÓKSÖLU LISTINN Topplistinn Júní

Næsta ævintýri Hungurleikanna er hafið! Forsagan sögð í bók sem er að slá í gegn um heim allan.

★★★★

KLJ / Lestrarklefinn



4 BÓKSÖLU LISTINN Topplistinn Júní

Síðasta bókin í sagnabálkinum ofurvinsæla um Neshov fólkið eftir Anne B. Ragde

★★★★

„Bravó, Ragde!"
Dagbladet

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | Laugardaga 11–16 | **www.forlagid.is**

FRAMSÓKN Á HRAÐRI NIÐURLEIÐ

Sameining Miðflokksins og Framsóknarflokks er útilokuð. Samt sem áður er mögulegt að flokkarnir geti unnið saman í ríkisstjórn. Mikið fjör er í starfi Miðflokksins.

Á ÞINGPÖLLUM

Björn Jón Bragason
eyjan@eyjan.is

Miðflokkurinn undir forystu Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar hefur fest sig í sessi á kjörtímabilinu. MYND/ERNIR

Af hverju þurfti þetta að fara svona?“ spurði gamall framsóknarmaður í Mýrasýslu á dögunum og vísaði þar til klofnings flokksins fyrir kosningarnar 2017 og fylgis sem hefur nánast í öll könnunum á kjörtímabilinu mælst undir 10%. Framsóknarflokkurinn reis örlítið hærra rétt eftir hið margumrædda Klaustursmál. Þá mældist hann með 11,4% en Miðflokkur fór niður í langlægstu tölu sem hann hefur mælst með á kjörtímabilinu eða 5,7%. En þetta snerist fljótt við.

Guðna dreymir um sameiningu

Framsóknarflokkurinn hlaut 24,4% atkvæða í kosningunum 2013 og þingstyrkur hans hafði þá ekki verið meiri í hálfa öld. Þetta var mikill persónusigur hins unga og aðsópsmikla formanns, Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar. Og þrátt fyrir meiriháttar áföll síðan, klofning og Klaustursmál stendur Sigmundur enn keikur. Í nýjustu könnun Gallup mældist Miðflokkurinn með 10,2% fylgi á landsvísu.

Ýmsa gamalreynda Framsóknarmenn dreymir um sameiningu síns flokks og Miðflokksins. Þeirra á meðal er Guðni Ágústsson, fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins, sem reifaði við marga í vetur sem leið þá hugmynd að flokkarnir gengju í eina sæng og um leið að formennirnir, Sigurður Ingi Jóhannsson og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, hyrfu báðir af vettvangi en Lilja Alfreðsdóttir tæki við keflinu.

Sameining ekki í myndinni

Miðflokksmenn hafa tekið þessum hugmyndum fálega. Ýmsir Miðflokksmenn eiga bágt með að fyrirgefa Lilju að hafa kallað nokkra þingmenn þeirra „ofbeldismenn“ eftir að upptökurnar á Klaustursbar urðu opinberar og sumir þeirra nefna að þeim finnist kúnstugt að hún sé álitin vonarstjarna Framsóknarflokks nú, þar sem það var Sigmundur sem fékk hana til liðs við ríkisstjórnina á sínum tíma — og þá beinlínis í óþökk hluta þingflokksins, sem greiddi atkvæði gegn því að hún yrði skipuð ráðherra.

Flestum heimildarmönnum ber saman um að Lilja stefni á formannsstólinn í Framsóknarflokknum en Sigurður Ingi Jóhannsson hefur tilkynnt að hann hyggist sitja áfram sem formaður.

Lilja er þingmaður fyrir Reykjavíkurkjördæmi suður, en alls óvíst er hvort flokkurinn nái nokkrum manni inn í Reykjavíkurkjördæmunum í næstu kosningum. Til tals hefur komið að hún fari fram í oddvitasæti í einu landsbyggðarkjördæmanna, en þar sitja menn og konur á fleti fyrir.

Lilja er bandamaður Ásmundar Einars Daðasonar, félagsmálaráðherra og oddvita flokksins í Norðvesturkjördæmi. Framsóknarmenn þar bera honum vel söguna og uppi er orðrómur um að hann stefni á varaformannsstólinn, verði Lilja formaður.

Fylgi Framsóknarflokks og Miðflokks á kjörtímabilinu



HEIMILD: ÞJÓÐARPÚLS GALLUPS

Gerólík staða flokkanna

Við bætist að fjárhagsstaða Miðflokksins er miklu betri en Framsóknarflokks. Skuldir Miðflokksins námu aðeins 2,8 milljónum í árslok 2018, en skuldir Framsóknarflokks 239 milljónum á sama tíma. Sárin frá flokksþinginu 2016 þegar Sigmundur var felldur eru djúp og næsta ólæknanleg. Aftur á móti er málefnaágreiningur ekki mikill í reynd.

Sumir viðmælenda í Miðflokknum segja flokknum ekki liggja á að komast í ríkisstjórn á næsta kjörtímabili. Hann geti vel notað tímann áfram til að efla flokksstarfið. Flokknum henti vel að vera í stjórnarandstöðu. Innanbúðarmenn segja markmiðið að byggja upp flokk til framtíðar sem verði með um 15% fylgi á landsvísu að lágmarki. Til þess þurfi ekki bara sterka frambjóðendur og skýra stefnu, heldur líka trausta innviði. Grasrótarstarf í Framsóknarflokknum er nánast liðið undir lok, á sama tíma og Miðflokksmenn flykkjast á flokksfundi.

En auðvitað vill Sigmundur aftur í ríkisstjórn og þá helst í fjármálaráðuneytið. Því er stundum fleygt að enginn hinna flokkanna kjósi að vinna með Miðflokknum. Hæpið er að fullyrða slíkt, þrátt fyrir að Sigurður Ingi sjái rautt í hvert sinn sem nafn Sigmundar Davíðs er nefnt. Katrín Jakobsdóttir og Sigmundur Davíð kunna að sögn prýðilega hvort við annað. Þau hafa þekkst lengi og störfuðu um tíma saman á Ríkisútvarpinu. Hún var málfarsráðunautur á fréttastofunni þegar hann flutti fréttir. Annars hugnast Miðflokksmönnum flestum illa samstarf við Samfylkingu og ýmsa úr Vinstri grænum og Pírötum.

Þau Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og Sigmundur náðu vel saman í stjórnarandstöðu á árum vinstristjórnarinnar 2009–2013 — þá bæði á þingi fyrir aðra flokka en nú og enn geta þau rætt við. Nýlega sáust þau saman á spjalli með Bjarna Benediktssyni. Ýmsir fletir eru því á samstarfi og hreint ekki útilokað að þeir muni í framtíðinni taka sæti við ríkisstjórnarborðið saman á ný, Sigurður Ingi og Sigmundur Davíð.

Kvennahallæri

Ekki hefur annað komið fram en núverandi þingmenn sækist eftir endurkjöri. Við blasir þó að Miðflokkurinn þarf að fá konur í framboð. Af níu þingmönnum flokksins er aðeins ein kona. Flokkurinn má gera sér vonir um mun meira fylgi á höfuðborgarsvæðinu heldur en Framsóknarflokkur. Fyrir kosningarnar 2017 voru ýmsir óvissir hvort þeir ættu að láta til leiðast að taka sæti á listum Miðflokksins en nú, eftir að flokkurinn hefur fest sig í sessi, er staðan að líkindum gerbreytt.

Spennandi verður að sjá hverjir ákveða að taka slaginn með Miðflokknum — og líka hvort Framsóknarflokkurinn rétti úr kútnum í aðdraganda kosninga eins og svo oft áður. ■

MIKLABORG

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar

Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520

Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856

Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307

Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178

Elín Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090

Gunnar H. Einarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 615 6181

Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300

Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000

Ásgrímur Ásmundsson
hdl. og lögg. fasteignas
Sími: 865 4120

Þröstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958

2015
2019
Framúrskarandi fyrirtæki

Þóroddur S. Skaptas
lögg. fasteignasali
Sími: 868 4508

Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515

Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272

Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
Sími: 691 1931

Kjartan Í. Guðmunds
aðst. fasteignasala
Sími: 663 4392

Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232

Friðrik Þ. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignas
Sími: 616 1313

Friðjón Ö. Magnúss.
lögg. fasteignasali
Sími: 692 2704

Anton Karlsson
lögg. fasteignasali
Sími: 771 8601

Páll Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929

Ragnheiður Pétursd.
hdl. og löggiltur fasteignasali

Sumarhús

PANTIÐ SKOÐUN
hjá Jóni Rafni í síma 695 5520

Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

Fitjahlíð 33A
311 Skorradalur

Frábær fjölskyldubústaður

- Glæsilegt nýtt heilsárhús
- Gott útsýni yfir vatnið
- 108 fm auk 16 fm bátaskýlis
- Efri hæð með 3 svefnherbergi
- Stór stofa og eldhús
- Steyptur kjallari með sér-inngangi og WC með sturtu
- Gestahús álengdar við aðalhús
- Stór viðarverönd með heitum potti

Verð: **39,7 millj.**

Vatnsendahlíð 130
311 Skorradalur

Vel byggt og fallegt 61 fm sumarhús í Skorradal

- Skjólsælt og afar fallegt land
- Húsið er hvíttað að innan
- Tvö svefnherbergi, stór stofa með fallegri kamínu
- Parket á gólfum en náttúru-steinn á anddyri og wc
- Eldhús með góðu skápaplássi og útgengt á stóra verönd

Verð: **26,5 millj.**

OPIÐ HÚS
Um helgina 18. og 19. júlí
milli kl. 13 - 17
Eigandi verður á staðnum s: 777 3728



Nánari upplýsingar veitir:
Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

Fasteignasalan
Miklaborg
Lágmúla 4
108 Reykjavík

sími
569 7000
www.miklaborg.is

Með þér alla leið

Hraunbær 103 a/b/c

110 Reykjavík

Einstakt útsýni

Vandaðar nýjar íbúðir fyrir 60+

- Útsýnisíbúðir
- Stærðir frá 52-160 fm, stúdíó, 2ja og 3ja herbergja íbúðir
- Flestar íbúðirnar ná í gegnum húsið
- Vinsælar íbúðir
- Aðgengi að þjónustu og félagsmiðstöð hjá Reykjavíkurborg í Hraunbæ 105
- Vandaðir verktakar

Afhending október 2020

Verð frá kr. **42,5 millj.**

Bókið skoðun hjá sölumönnum og fáið nánari upplýsingar:

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300
svan@miklaborg.is

Friðrik Þ. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignasala
Sími: 616 1313
fridrik@miklaborg.is

Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is

Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272
axel@miklaborg.is

Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232
thorhallurb@miklaborg.is

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Vegamót hótel

311 Snæfellsnesi

Glæsilegt hótel og veitingastaður

- Rjúkandi við Vegamót í Eyja- og Miklaholtshreppi.
- 14 herbergi þar sem hvert er með sérinngangi og stóru baðherbergi.
- Á lóð við herbergin er heittur pottur.
- Veitingasalan er í fullum gangi, henni tengist veislusalur með vín veitingaleyfi.

Verð: **195 millj.**

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is



Vatnsholtsvegur 7

801 Syðri Reykir

Glæsilegt sumarhús

- Steyptir sökklar og burðarveggir
- Hitaveita og heitur pottur
- Mikil lofthæð í stofum 3,4 m
- Rúmlega 110 fm pallur
- Vandaðar innréttingar
- Glæsilegur arinn
- Baðherbergi flísalagt og með sturtu
- Glæsilegt útsýni

Verð: **46,9 millj.**

Skálabrekkugata 13

801 Þingvellir

Fallegt 8300 fm sumarbústaðaland með útsýni yfir Þingvallavatn

Verð: **16 millj.**

- Eignarland sem er aðeins hálftíma akstur frá Reykjavík
- Lóðinni fylgir réttur til að veiða í vatninu og setja bát á vatnið
- Vegur og kalt vatn að lóðarmörkum
- Læst öryggishlið við Þjóðveg

Nánari upplýsingar:
s. 775 1515 Jason Kr. Ólafsson löggiltur fasteignasali

Hraunhvammar 5

801 Selfoss

sumarhús á vinsælu svæði í landi Ásgarðs í Grímsnesi

Verð: **29,7 millj.**

- Staðsett á móti Grímsborgum
- Stendur á 6338,0 fm eignarlóð sem er vel gróin
- Húsið er skráð 62,4 fm
- Stór pallur með skjólveggjum og tveimur útihúsum

Nánari upplýsingar:
s. 775 1515 Jason Kr. Ólafsson löggiltur fasteignasali

Skálabrekka

801 Þingvellir

406,5 hektara land við þjóðgarðinn með útsýni til Þingvallavatns og mikla fjallasýn

Verð: **Tilboð**

- Landið er gríðarlega vel staðsett í grennd við veginn frá Mosfellsdal til Þingvalla en árlega fer um 75% erlendra ferðmanna um þetta svæði.
- Möguleikar eru því gríðarmiklir.

Nánari upplýsingar:
s. 695 5520 Jón Rafn Valdimarsson löggiltur fasteignasali

MIKLABORG – Með þér alla leið



Fitjahlíð 59

311 Skorradalshreppur

Einstaklega notalegur og hlýr bústaður í landi Fitja Skorradal

Verð: **16,2 millj.**

- Húsið stendur á 2000 fm leigulóð
- Lóðin er skógi vaxinn, einstaklega falleg og veitir gott skjól
- Kalt vatn, rafmagn og nýlegur hitakútur

Nánari upplýsingar:
s. 695 5520 Jón Rafn Valdimarsson löggiltur fasteignasali

Fornistekkur 26

301 Akranes

Gott sumarhús í landi Bjarteyjrsands Hvalfirði

Verð: **23,5 millj.**

- Bústaðurinn er 68,9 fm að stærð og stendur á 4912 fm leigulandi
- Eldhús og stofa í opnu rými, útgengt á pall sem snýr að mestu í suður
- Húsið er með heitu vatni
- Viðarverönd með heitum potti

Nánari upplýsingar:
s. 695 5520 Jón Rafn Valdimarsson löggiltur fasteignasali

Efsti-Dalur lóð 35

806 Selfoss

Gott sumarhús í landi Efsta Dals í Bláskógabyggð.

Verð: **24,5 millj.**

- Stutt er í Úthlíð, Gullfoss og Geysi
- Aðeins 10 mínúta akstur er á Laugarvatn.
- Húsið er á læstu svæði og stendur á 4690 fm leigulóð.
- Húsið er tengt heitu og köldu vatni ásamt rafmagni.

Nánari upplýsingar:
s. 695 5520 Jón Rafn Valdimarsson löggiltur fasteignasali

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Skálabrekkugata 10

801 Þingvellir

Glæsilegt 174 fm heilsárshús

- Fjögur svefnherbergi
- Hannað að innan af Rut Káradóttur
- 34 fm gestahús
- Nýleg úti sauna
- Mikið útsýni
- 30 mín frá Reykjavík

Verð: **89,9 millj.**

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is



Kerhraun 40

801 Selfoss

126,6 fm heilsárshús við Kerhraun í Grímsnes- og Grafningshreppi

- Eignarlóð Hitaveita er í húsinu og er steypt plata með hitalögnum í gólfi
- Möguleiki er að fá innbú með í kaupum á eigninni
- Stór sólpallur er við húsið
- Lokað svæði(rafmagnshlið)

Verð: **45 millj.**

Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is





Dalabyggð 22

846 Flúðum

Fallegt 78 fm heilsárshús í byggingu

- Afhendist fokhelt
- Tvö svefnherbergi, hjónaherb með sér wc
- Svefnloft
- Stórt alrými þaðan sem er útgengt
- Þvottahús og geymsla
- 2500 fm leigulóð, tryggur samningur

Verð: **24,5 millj.**

Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is



Holtabyggð 105

845 Hrunamannahreppur

Mjög gott heilsárshús á tveimur hæðum í landi Syðra-Langholts á Flúðum

- Afar gott útsýni er frá efri hæð hússins
- Húsið stendur á 14.100 fm leigulandi og til viðbótar fylgir með lóðin við hliðin á (nr. 106) sem er 13.100 fm.
- Saunaklefi og pottur

Verð: **39,9 millj.**

Illagil 21

801 Grafningur





Glæsilegt 211 fm heilsárshús upp af Hestvík í Grafningnum

- 3 svefnherbergi og svefnloft / sjónvarpsrými
- Alrými með mikilli lofthæð og kamínu
- Hiti í gólfum og varmadæla
- Hert gler á sólpalli – mikið útsýni
- Steypt neðri hæð með mikilli lofthæð og stórum innkeyrsludyrum
- Eignarland

Nánari upplýsingar veitir:
Friðrik Þ. Stefánsson
hdl. og aðst. fasteignas.
Sími: 616 1313
fridrik@miklaborg.is

Nánari upplýsingar veitir:
Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

Verð: **108 millj.**

Hrauntröð 44

801 Grímsnes

Glæsilegt heilsárshús í Vaðnesi

- Hús sem þessi koma sjaldan í sölu 155,6 fm á steyptri plötu.
- Skilast tilbúið til innréttinga, hægt að fá lengra komið
- 3-4 svefnherbergi, frábært skipulag. Hjónaherbergi m fataherbergi og sér wc
- Sólpallur í suður, stórir útsýnisgluggar
- Tæplega 1 hektara eignarland

Nánari upplýsingar veitir:
Jón Rafn Valdimarsson, lögg. fasteignasali
jon@miklaborg.is **sími: 695 5520**

Verð: **49,9 millj.**

Fjármögnun hefur **aldrei verið hagstæðari** á Íslandi, lánshlutföll frá 65-90% eftir kaupendum. **Komið, skoðið** og ráðfærið ykkur **við sölumenn okkar!**

569 7000 · Lágmúla 4 · miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

PERLA VIÐ ELLIÐAÁRVOGINN

VOGABYGGÐ

OPIÐ HÚS
sunnudaginn 19. júlí
milli kl. 15:45 - 16.30
Tökum á móti gestum í **Skektuvogi 2, íbúð 401**

Nýtt hverfi Vogabyggð

- 2ja til 5 herbergja íbúðir
- Vandaðar íbúðir á frábæru verði
- Miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu
- Perla við Elliðaárvoginn
- Innbyggð uppþvottavél og innbyggður ísskápur fylgir öllum íbúðum
- Parket er á öllum íbúðum
- Húsin eru í kjarna þar sem fjögur hús tengjast með sameiginlegum bílakjallara
- Bílastæði fylgir flestum íbúðum

Afhent í byrjun sumars 2020

2ja - 5 herbergja íbúðir við Skektuvog 2 - 6

Fjármögnun hefur aldrei verið hagstæðari á Íslandi!
Skoðaðu greiðsludæmi miðað við kaupverð, lán og greiðslutilhögun.

2ja

Skektuvogur 4 (201)

Herbergi	2ja
Stærð	65 fm
Verð	42,5 m
Dæmi um greiðslutilhögun:	
Við kaupsamning	2,4 m
Við afhendingu	2 m
Við afsal	2 m
Samtals eigið fé	6,4 m
Lán 85%*	36,1m
Afborgun á mán.*	**165.352 kr**

*Forsendur við fyrstu kaup. Húsnæðisán 70% 29.750.000 Verðtryggt 35 ár, 2,3% breytilegir vextir, jafnar greiðslur. Viðbótarlán 15% 6.350.000 Óverðtryggt 15 ár, 5% breytilegir vextir, jafnar afborganir

3ja

Skektuvogur 2 (402)

Herbergi	3ja
Stærð	83,2 fm
Verð	50,9 m
Dæmi um greiðslutilhögun:	
Við kaupsamning	5,3 m
Við afhendingu	5 m
Við afsal	5 m
Samtals eigið fé	15,3 m
Lán 70%**	35,6m
Afborgun á mán.**	**121.485 kr**

**Forsendur, sýnd er fyrsta afborgun Húsnæðisán 70% lán (Landsbankinn) Verðtryggt 35 ár, jafnar greiðslur, 2,3% breytilegir vextir

4ra

Skektuvogur 2 (103)

Herbergi	4ra
Stærð	132,1 fm
Verð	66,9 m
Dæmi um greiðslutilhögun:	
Við kaupsamning	7,1 m
Við afhendingu	7 m
Við afsal	6 m
Samtals eigið fé	20,1 m
Lán 70%	46,8 m
Afborgun á mán.**	**162.844 kr**

**Forsendur, sýnd er fyrsta afborgun Húsnæðisán 70% lán (Landsbankinn) Verðtryggt 35 ár, jafnar greiðslur, 2,3% breytilegir vextir

5

Skektuvogur 4 (105)

Herbergi	5
Stærð	141,3 fm
Verð	69,9 m
Dæmi um greiðslutilhögun:	
Við kaupsamning	7 m
Við afhendingu	7 m
Við afsal	7 m
Samtals eigið fé	21 m
Lán 70%	48,98 m
Afborgun á mán.**	**170.035 kr**

**Forsendur, sýnd er fyrsta afborgun Húsnæðisán 70% lán (Landsbankinn) Verðtryggt 35 ár, jafnar greiðslur, 2,3% breytilegir vextir

Sýnum alla helgina, hringdu!

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000
thorunn@miklaborg.is

Friðjón Ö. Magnúss.
aðst. fasteignasala
Sími: 692 2704
fridjon@miklaborg.is

Elín Alfreðsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 899 3090
elin@miklaborg.is

Kjartan Í. Guðmunds
vfr. og aðst. fasteignas
Sími: 663-4392
kjartan@miklaborg.is

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232
thorhallurb@miklaborg.is

Friðrik Þ. Stefáns
hdl. og aðst. fasteignas
Sími: 616 1313
fridrik@miklaborg.is

Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
sími: 778 7272
axel@miklaborg.is

Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
sími: 691 1931
ohb@miklaborg.is

TRAUSTUR BYGGINGARAÐILI SÍÐAN 1998

ÞG-VERK

Láttu drauminn um nýtt hús verða að veruleika með vandaðri og hagkvæmri byggingu frá Húseiningu

Nú er rétti tíminn til að fara í byggingarframkvæmdir og nýta sér endurgreiðslu á virðisaukaskatti eins og kostur er!

Íslensk hönnun íslensk framleiðsla.

Húseining býður einingahús við verksmiðjudyr með ákominni láréttri álbáru á allar einingar sem sett er á í verksmiðju við bestu aðstæður. Allir REHAU gluggar og hurðir eru komin í einingar ásamt vatnsbrettum. Innifalið í verði er allt þakvirki, þakkantur og þakrennur, steinullareinangrun í útveggjum og þak. ***Með réttu efnisvali verður til hús sem aldrei þarf að bera á eða mála.*** Húsin eru fljótreist þar sem einingar eru tilbúnar til reisingar frá verksmiðju og því lánshæf fyrr.

Sól sumarhús 66-111m²

Sól sumarhús eru gæðahús á góðu verði, framleidd samkvæmt íslenskum stöðlum. Öll hús fást afhent á ýmsum byggingarstigum, stærð og innra skipulag í samvinnu við kaupendur. Allir milliveggir og loftaklæðning eru innifalin í verði.Verönd ekki innifalin.

Verð aðeins 117.300 kr. pr/m² m. vsk

Smart einbýlishús 73-87m²

Smart einbýlishús með láréttri álbáru koma bæði fullsamsett og innréttuð frá verksmiðju. Húsin eru framleidd í tvemur stærðum, 73m² og 87,5m² og koma með verönd og heitum potti. Smart einbýlishús eru hönnuð með hagkvæmni að leiðarljósi, og ekki síst þörfum kaupenda. Þau eru hagkvæmur nútímakostur fyrir einstaklinga, fjölskyldur, verktaka og leigufélög

Verð aðeins 378.000 kr. pr/m² m. vsk

Klassik einbýlishús 100-400m²

Klassik einbýlishús með láréttri álbáru við verksmiðjudyr er hagkvæmur kostur, flytja má útveggjaeiningarnar á traustum vagni frá verkmiðju á byggingastað sem við lánum okkar kaupendum. Allir milliveggir og loftaklæðning eru innifalin í verði. Lofthæð allra Klassik húsanna er 2,8m.

Verð aðeins 135.800 kr. pr/m² m. vsk

Funk einbýlishús 100-400m²

Funk húsagerðin er alltaf skemmtilegur kostur, mikil lofthæð sem er yfir 3 metar, einbýlishús við verksmiðjudyr er hagkvæmur kostur. Allir milliveggir og loftaklæðning eru innifalin í verði.

Verð aðeins 154.600 kr. pr/m² m. vsk

Gluggar og hurðaprófílar koma frá hinu þekkta þýska fyrirtæki REHAU og eru úr PVC. Gluggarnir eru fáanlegir í mörgum litum.

Sökklar: Gerum tilboð í sökkla með öllum lögnum og hita í gólfi samkvæmt teikningu.

Reising: Gerum tilboð í reisingu á húsi á byggingarstað.

Ný lög varðandi virðisaukaskatt, nú skal á tímabilinu frá 1. mars 2020 til og með 31. desember 2020 endurgreiða byggjendum íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna sem unnin er innan þess tímabils á byggingarstað.

- **Íslensk hönnun og framleiðsla.**
- **TwinWall tveggja þátta húseiningar.**
- **Framleidd samkvæmt staðli úr völdu gæðatimbri C 18-24.**
- **Hús með mikilli loftun í öllu burðarvirki sem tryggir gæði og endingu.**
- **Timburhús eru heilnæmur íverustaður.**
- **Sterkari hús.**
- **Lofthæð húsanna inni er 2,8 metrar.**
- **Þýskir gluggar og hurðir úr PVC, lágmarks viðhald.**
- **Með réttu efnisvali verður til hús sem aldrei þarf að mála.**

HANNAÐ OG BYGGT FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

Twin Wall

HÚSEINING

Húseining ehf. Hraunholti 1, 190 Vogum. Símar 770-5144 og 787-5144.
www.huseining.is sala@huseining.is

Sé verið að pakka niður fyrir ferðalag er gott að hafa í huga að taka flíkur sem nýtast við fleiri en eitt tilefni.

MYNDIR/FRÁ FRAMLEIÐENDUM

SÓLARVÖRN

Það er í sjálfu sér stærsta tískuslysið að sólbrenna illa. Það er ekki aðeins hættulegt og vont, því ekki er það fallegt heldur. Sólarvörn er af ýmsum toga en mikilvægt er að nota sérstaka sólarvörn ætlaða fyrir andlit, ef fólk er með viðkvæma húð eða á það til að fá sviða í augun af kremum. Einnig er mikilvægt fyrir útivistarfólk að vörnin sé vatnsþolin. Gott er að velja vörn sem er einnig dagkrem og nota hana daglega yfir sumartímann og taka enga sénsa.

BEAUTYBOX.IS
Sensai, verð 12.900 kr

Vorvindar glaðir, lekker með hraði

Nú þarf minna að huga að strandklæðnaði fyrir sumarfríið, en engu að síður er tilvalið að leyfa sér að eignast góða flík fyrir íslenska sumarið. Ekki er ólíklegt að fjárfestingin verði betri að þessu sinni þar sem flíkin mun nýtast allt árið um kring.

Þorbjörg Marinósdóttir
tobba@dv.is

Útivistartíska Íslendinga hefur lengi vel þótt ákaflega lekker enda hafa margir færustu hönnuðir landsins lagt það fyrir sig að hanna útivistarföt. Það þarf enginn að vera hallærislegur við varðeldinn og jafnvel Skúli fúli getur lúkkað á Instagram ef hann fer eftir þessum lista, og jafnvel allar líkur á brosi þegar lóan er farin að kveða, lækurinn að niða og grillið að snarka. Gott er að hafa í huga, sé verið á leið í ferðalag til lengri tíma, að pakka fatnaði til nota við ólík tilefni og sem sést ekki mikið á. Blettasprey og taupoki fyrir óhreinatau er einnig góð hugmynd.■

REFFILEG REGNKÁPA

Það þýðir lítið að ferðast innanlands nema eiga góða regnkápu. Svo er um að gera að kaupa sér fatnað í lit – það er svo miklu skemmtilegra að vera í gulri regnkápu í mígandi rigningu. Kápan er til í fleiri litum og bæði með karla- og kvennasniði.

CINTAMANI
17.900 kr.

UNDIRFÖT SEM HALDA HITA

Íslenska nóttin getur verið ansi köld þó hún sé björt. Þá skiptir máli að vera í góðum undirfötum. Hægt er að kaupa falleg undirföt á konur og karla í Ullarkistunni, Laugavegi. Blúndan kemur svo í veg fyrir að þetta sé einhver hryllingur. Svo má alltaf reyna að treysta á makann, ef hann er ekki víraður við gítar eða hvítvínsbelju fram eftir öllu.

ULLARKISTAN
verð frá : 3.990 kr.

HÖFÐINGLEGUR HATTUR

Allir sem eru á samfélagsmiðlum vita að fallegur hattur er ávísun á góða mynd. Það er líka allt miklu skemmtilegra með hattinn, eða svo segja menn. Hatturinn er „unisex" svo hjónin geta deilt honum, séu þau jafn höfuðstór.

FARMERS MARKET
14.700 kr.

BRJÁLÆÐISLEGA ÞÆGILEGAR

Þessar buxur kallast Hagi og eru frá Farmers market. Þær eru fullkomnar í ferðalagið, mjúkar og gefa vel eftir, henta hvort sem er á hestbak, göngu eða við háa hæla sé farið út að borða. Svo eru þær á útsölu! Buxurnar fást ljósgráar og dökkgráar.

FARMERS MARKET
10.990 kr .

JAKKINN SEM ALLIR ÞRÁ

Barbour-jakkar hafa verið vinsælir í áratugi og hafa gjarnan verið tengdir við háklassamenningu, breska plebba á veiðum eða snobbaða hestamenn. Það er þó löngu liðin tíð, en jakkarnir fást meðal annars hérlendis hjá Kormáki og Skildi og í Geysi. Jakkarnir fást með ýmsu sniði, svo sem vatteraðir eða vaxjakkar og þykja þeir hin besta fjárfesting, sökum þess hversu endingargóðir þeir eru og hægt er að vaxbera jakkana aftur og aftur.

KORMÁKUR OG SKJÖLDUR
Verð frá: 18.900 kr.

ÚTILEGU/GÖNGU PILS

Vatnshelt pils með stuttbuxum undir. Efnið teygist og andar. Vasar og hankar fyrir belti. Algjör snilld til að ganga í, eða smella sér í fallegan topp og kíkja í drykk á hótelbarnum eftir góða göngu. Pilsið fæst í tveimur litum.

ELLINGSEN/ ÚTLILÍF
10. 990 kr.

SÓLGUL ULLARPEYSA

Það fer enginn neitt án þess að vera með hnausþykka peysu. Hvort sem er til að ganga í eða hjúfra sig í á kvöldin þegar lofthiti lækkar.

GEYSIR
Verð frá: 44.900 kr.

SÉRLEGIR SOKKAR

Fallegir og hlýir sokkar geta bjargað bæði líkamshita og útlitinu. Ekki er verra að sokkarnir fást í ýmsum stærðum svo hægt er að kaupa þá á alla fjölskylduna og jafnvel peysu eða galla í stíl.

FARMERS MARKET
verð frá: 1.500 kr.

TEYGJANLEGUR FATNAÐUR

Það má gera hinar ýmsu æfingar í útivistarfatnaði til að meta hvort hann sé í raun þægilegur. Til dæmis ganga á höndum. Mikilvægt er að góð teygja sé í fötum þegar stunduð er útivist. „Softshell" buxur eru því einstaklega hentugar og flíspeysan klikkar aldrei. Buxurnar hrinda frá sér vatni og eru „unisex".

CINTAMANI
Buxur 29.995 kr.
Flíspeysa 21.995 kr.

DJÚSÍ PEYSUPARTÝ

Þykk rúllukragapeysa mun svo sannarlega koma sér vel í sumar og er falleg, hvort sem er við gallabuxur og háa hæla eða útivistarbuxur / leggings. Peysan er úr ástralskri merino-ull og skoskri lambsull og því þykk en mjúk og ertir ekki.

CINTAMANI
25.995 kr.

SMART STÍGVÉL

Frönsku stígvélin frá Aigle eru ekki bara falleg heldur virkilega þægileg og endingargóð, en þau eru úr náttúrulegu gúmmíi. Hægt er að kaupa sérstakt sprey til að vernda gúmmíið enn frekar, en þegar gúmmíið ofþornar geta stígvélin farið að trosna. Stígvélin fást í hinum ýmsu útgáfum og eru með hæl. Aigle framleiðir einnig „unisex" stígvél og gullfalleg barnastígvél.

ÁSTUND
Verð frá: 17.990 kr.

Japani dansaði nakinn og hvítmálaður á Lækjartorgi

Í júní 1980 fór fram Listahátíð í Reykjavík. Eitt af atriðunum ýmist heillaði fólk eða hneykslaði og ekki voru allir sammála um hvort það teldist vera list eða erótík.

TÍMAVÉLIN

Japanski dans og hreyfilistamaðurinn Min Tanaka var umtalaður þegar hann kom fram á tveimur sýningum Listahátíðar í Reykjavík sumarið 1980. Ástæðan var sú að Tanaka dansaði allsnakinn og hafði þar að auki rakað hvert einasta hár af líkama sinum. Undir dansinum léku japanskir tónlistarmenn undir á slagverkshljóðfæri og einn þeirra jóðlaði i takt við dansinn.

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is

Tanaka sagði tilganginn með atriðinu að „koma á sambandi staðar, tíma og rúms.“ MYNDIR/TÍMARIT.IS

Í dag kl. 15.00 verður Min Tanaka, japanski dansarinn, með fyrri sýningu sína í Laugardalshöll. Ekki er að efa að sýning hans er með forvitnilegri atburðum á Listahátíð, enda hefur Min Tanaka getið sér orð fyrir sérstæða danslist og hvarvetna hlotið lof gagnrýnenda og óskipta athygli áhorfenda.“

Þannig hófst grein sem birtist í Dagblaðinu þann 7. júní 1980. Fram kom að Min Tanaka dansaði nakinn og nauðrakaður og notaðist ekki við nein hjálpartæki við listiðkun sína. Blaðamaður Þjóðviljans var á meðal áhorfenda í Laugardalshöll og lýsti upplifun sinni í grein sem birtist í blaðinu nokkrum dögum síðar:

„Sá dans eða sú hreyfingalist sem Japaninn flutti var svo langt frá hversdagslegri reynslu okkar að skilningurinn haltrar langt á eftir undruninni og mikill vafi á að hann nái henni nokkru sinni. Fyrst kom Japaninn inn í regnkápu og tók eins konar forskot á það sem síðar kom. Í seinna skiptið birtist hann í opnum dyrum íþróttahallarinnar allsnakinn og rakaður. Hreyfingar hans voru í fyrstu firna hægar, eins og reynt hefði verið að hægja á tímavélinni, þannig valt hann inn gólfið, fjarlægur á svip eins og hugurinn væri enn austur í Japan.

En mestallan þann tíma sem þessi sérstæða sýning stóð var Min Tanaka á fótum, hann sveigði og hneigði með einkennilegum hætti og einhver líkti hreyfingunum við krampa. Nema hvað, eftir því sem lengra leið komu aðstoðarmenn Min Tanaka meira við sögu. Þeir börðu á slagverk, dauft og strjált í fyrstu, eða skutust um að baki áhorfenda og töluðu fuglamál, sem dansarinn að lokum tók undir. Engin saga var sögð, en ferill sýningarinnar var fólginn í eins konar stigmögnun, í æ ofsafengnari hreyfingum í svitabaði, í miklum bumbuslætti undir lokin.“

Dáleiðandi áhrif

Í dagskrá hátíðarinnar var haft eftir Min Tanaka að hann vildi með atriði sínu „stefna á að koma á sambandi staðar, tíma og rúms, skapa þeim er á hann horfa nýjar víddir, kenna þeim að líta sjálfa sig og umhverfi sitt í öðru ljósi en þeir hafa vanist.“ Blaðamaður Þjóðviljans efaðist um að Tanaka hefði tekist ætlunarverk sitt í Íslandsheimsókninni.

„Hræddur er ég um að slík og þvílík kraftaverk hafi ekki gerst meðal áhorfenda í Laugardalshöll, og voru þeir þó forvitnir vel og velviljaðir því sem fram fór. En þeir höfðu orðið fyrir óvenjulegri reynslu, sem í einhverju líktist dáleiðsluáhrifum.“

Dansaði nakinn og einsamall í Almannagjá

Tanaka flutti atriði sitt tvisvar á Listahátíð, í fyrra skiptið í Laugardalshöll, og svo aftur á Lækjartorgi nokkrum dögum síðar. Blaðamaður Vísis settist niður með Tanaka að lokinni sýningu á Lækjartorgi. Í viðtalinu lét Tanaka meðal annars hafa eftir sér að „nektin tæki enga afstöðu.“ Blaðamaður Vísis lýsti fundi þeirra svo:

„Min Tanaka er hæglátur maður og rólegur við fyrstu sýn en býr augljóslega yfir firnamiklum krafti. Dans hans er á einhvern hátt ofurmannlegur, ómannlegur, en ótrúlega magnaður.“

Tanaka tjáði blaðamanninum að hann fyndi það mjög vel að nekt hans kæmi óþægilega við Íslendinga.

„Þegar ég dansa hér finnst mér að sú staðreynd að ég er nakinn skipti áhorfendur meira máli en dansinn sjálfur, ólíkt öðrum stöðum sem ég hef dansað á. Hvers vegna ég dansa nakinn?“ Min Tanaka glotti. „Var það ekki í ykkar blaði sem spurt var hvort dans minn væri list eða „strip-tease“? Allt í lagi, þetta eru venjulega viðbrögðin sem við fáum. Ástæðan fyrir nektinni er einfaldlega sú að ég er að reyna að losa mig við hvers konar menningarlega umgjörð. Sko til, ef ég dansaði í einhverjum vissum búningi væri um leið auðvelt að tengja mig við eitthvað sérstakt menningarumhverfi, Japan til dæmis. Og þó ég hefði ekki nema hár: sítt hár, stutt hár, þetta þýðir allt saman eitthvað. Ég vil forðast svona einfaldar lausnir, leitast við að vera hlutlaus, algildur. Nektin tekur enga afstöðu. Þegar ég hafði losað mig við allar þær menningarlegu klisjur sem ég gat þá komst ég að því að ég var orðinn næstum nakinn!“

Sagði Íslendinga of upptekna af nektinni

Þegar hann var spurður um hvað dans hans merkti, svaraði hann:

„Það er eitt höfuðatriði dansins að gefa sér fyrirfram engar merkingar , ég upplifi dansinn á sama hátt og áhorfendur: hann er fullkomlega improvíseraður.“

Þá tjáði Tanaka blaðamanni að eftir sýninguna í Laugardalshöll hefði hann látið aka sér austur á Þingvöll þar sem hann dansaði fyrir sjálfan sig við sólarlag og sólarupprás: Hann dansaði í Almannagjá, í hraungjótunum og á klettadröngunum.

„Það var gríðarlega áhrifamikið og mér fannst ég verða mjög nákominn jörðinni. Mismunur okkar þurrkaðist út og við sameinuðumst.“

Blaðamaður Vísis skrifaði að þótt Íslendingum fyndist erfitt að skilja listina og það sem lægi að baki dansi Min Tanaka, væri óumdeilt að listamanninum hefði tekist að koma töluverðu róti á hugsanir fólks.

„Með komu sinni á Listahátíð hefur hann altént knúið fólk til umhugsunar. Það má þó alltaf teljast nokkurs virði, hvað sem öðru líður.“ ■

NÝTT

Sirius Rjómasúkkuladi

MEÐ SALTKRINGLUM OG SJÁVARSALTI

Sætt og salt fyrir sælkera!

cocoa HORIZONS

ÍSLENSKT gjörid svo vel

HIÐ UNDARLEGA MÁL SABRINU

Sabrina játaði greiðlega morð á fósturmóður sinni. En ástæður hennar fyrir morðinu vöktu jafnvel enn meiri hrylling og viðurstyggð en sjálfur glæpurinn.

SAKAMÁL

Ekki löngu eftir miðnætti þann 16. nóvember árið 2012 átti sér stað ólýsanlega óhugnanlegt símtal í neyðarlínuna frá smábænum Willoughly Hills í Ohio, bæ þar sem búa um 10.000 manns. Þrettán ára stúlka var í símanum og náði vart að gera sig skiljanlega vegna örvæntingar og skelfingar. Hún sagði að systir hennar væri að myrða móður þeirra. Eftir nokkurt þref tókst starfsfólki neyðarlínunnar að fá heimilisfangið upp úr stúlkunni og lögregla var send á vettvang.

Sabrina Zunich og Kevin Knoefel.

MYND/ LÖGREGLAN Í WILLOUGHLY HILLS

Ágúst Borgþór Sverrisson
agustb@dv.is

Aðkoman var skelfileg. Unglingsstúlkan sem hafði hringt kom öskrandi til dyra, hin 13 ára Megan, og sagði lögreglumönnum að stóra systir hennar, Sabrina, væri að myrða móður þeirra. Inni í húsinu hittu lögreglumennirnir fyrir eldri unglingsstúlku, sem hélt á hníf og bolurinn sem hún klæddist var alblóðugur.

Inni í hjónaherberginu lá kona í blóði sínu og var látin. Þriggja ára gömul dóttir hennar sat kjökrandi inni í fataskápnum. Blóðuga stúlkan afhenti lögreglunni morðvopnið að eigin frumkvæði og veitti enga mótspyrnu við handtöku.

> *Inni í hjónaherberginu lá kona í blóði sínu og var látin. Þriggja ára gömul dóttir hennar sat kjökrandi inni í fataskápnum.*

Lisa Knoefel. MYND/LÖGREGLAN Í WILLOUGHLY HILLS

Hvaða fólk var þetta?

Þetta var á heimili hjónanna Kevins og Lisu Knoefel. Kevin var 43 ára gamall vörubílstjóri og var að heiman þessa hræðilegu nótt. Lisa Knoefel, sem nú var látin, var 41 árs og starfaði sem félagsráðgjafi. Kevin og Lisa áttu tvær blóðdætur, 3ja og 13 ára, og síðan hana Sabrinu sem var 17 ára og ættleidd. Hún bar eftirnafnið Zunich fyrir ættleiðinguna. Sabrina hafði aðeins búið á heimilinu í liðlega ár. Með komu hennar á heimilið fannst félagsráðgjafanum Lisu fjölskylda sín vera fullkomnuð. Sabrina hafði átt erfiða æsku, hún hafði verið hjá öðrum fósturforeldrum þar sem hlutirnir gengu ekki upp, og dvalist á stofnunum.

En þó að það hafi verið hugmynd Lisu að ættleiða unglingsstúlku þá liðu ekki margir mánuðir þar til sambandið milli Lisu og hinnar ættleiddu dóttur hennar var orðið stirt. Lisu virtist sem Sabrina væri að leitast við að taka yfir hennar hlutverk og sýndi það sig í því hvernig hún ráðskaðist með dætur hennar og daðraði við eiginmanninn. Lisa hafði mikla reynslu af samskiptum við unglinga með hegðunarvandamál og markalausa hegðun og taldi sig því geta tekist á við þetta. Henni fannst hún aldrei hafa ástæðu til að óttast um líf sitt allt þar til þessa hræðilegu nótt er hún vaknaði við að dóttir hennar var að stinga hana með hnífi.

Sabrina játar allt og upplýsir um ástæðuna

Sabrina játaði greiðlega fyrir lögreglu að hafa myrt fósturmóður sína en sagði að um hefði verið að ræða sameiginlegt ráðabrugg hennar og Kevins. Þau hefðu átt í ástarsambandi mánuðum saman. Ráðagerðin hefði gengið út á að Sabrina myndi láta þetta líta út sem innbrot og ránsmorð ókunnugs manns. Átti hún að rífa og tæta og fjarlægja einhver verðmæti úr húsinu. Eins og frásögnin hér að framan ber með sér fór þessi ráðagerð gjörsamlega út um þúfur enda vöknuðu Lisa og báðar dætur hennar við ósköpin.

Jafnt í lögregluyfirheyrslum sem í réttarhöldunum harðneitaði Kevin nokkurri aðild að glæpnum. Hann neitaði því einnig að hafa átt í ástarsambandi við Sabrinu. Verjendur hans sögðu að félagslega kerfið hefði brugðist hræðilega með því að koma þessari andlega veiku stúlku fyrir á heimilinu.

Engin bein sönnunargögn staðfestu aðild Kevins en auk framburðar Sabrinu kom í ljós að Kevin hafði reynt að leysa út líftryggingu Lisu daginn eftir morðið. Enn fremur hafði hann krafist þess með látum að fá að heimsækja Sabrinu þegar hún sat í gæsluvarðhaldi.

Kviðdómi þótti þetta nægja til að sakfella Kevin Knoefel fyrir samsæri um að fremja morð og skipulagningu á morði. Hann var ennfremur sakfelldur fyrir kynferðislega misnotkun á unglingi. Hlaut hann lífstíðarfangelsi án möguleika á reynslulausn.

Sabrina hlaut einnig afar þungan dóm, lífstíðarfangelsi, en með möguleika á reynslulausn eftir 30 ár.

Mál þetta hefur almennt vakið mikla viðurstyggð. Þykir Kevin vera aðalsökudólgurinn og framferði hans vera ólýsanleg siðlaust. Svo virðist sem það hafi vakað fyrir honum að Sabrina tæki við hlutverki Lisu á heimilinu og saman myndu þau njóta betri fjárhags í krafti líftryggingar Lisu. ■

LEYFÐU ÞÉR SMÁ LÚXUS

Taktu flugið og gæddu þér á silkimjúkri vanilluísflaug hjúpaðri hvítu eðalsúkkulaði. Við hreinlega fáum ekki nóg af þessari.

Kjörís

Á ferð um landið

SUÐURLAND

Það er fyrirtaks helgarplan að renna austur fyrir fjall og njóta sveitaloftsins og þeirra frábæru afþreyingarmöguleika sem í boði eru. Nú er bara að smella börnunum í regngalla, nesti í bakpoka og leggja í hann. Draugar og dýragarður, sund og sæla eru handan við þjóðveginn.

MYND/GETTY

MYND/FACEBOOK

LAUGARVATN FONTANA

Náttúruböðin á Laugarvatni bjóða upp á upplifun hinnar einstöku gufu beint yfir gufuhvernum fræga sem heimamenn og gestir hafa nýtt til heilsubaða að minnsta kosti síðan 1929. Auk þess er unnt að baða sig í heilsubaðvatni í þrískiptri baðlaug, dvelja í heitu sánubaði, ganga í volgum sandinum, dýfa sér í Laugarvatnið sjálft frá nýbyggðri bryggju eða slaka á í fallegum garðinum. Jafnframt gefur dvöl í böðunum ávallt tækifæri til að skynja hina síbreytilegu íslensku veðráttu og njóta fjallasýnar. Einnig er hægt að bóka rúgbrauðssmökkun fyrir hópa en þá er grafið upp rúgbrauð sem bakað er í nágrenni við böðin með jarðvarma og það borðað volgt út í náttúrunni með smjöri og reyktum silungi.

MYND/EYÞÓR

KERIÐ

Kerið er vinsæll áningarstaður og er kjörið að koma þar við á ferð um Grímsnesið nú þegar mun minna er um ferðamenn. Kerið er gígholl, 270 metra langt og um 170 metra breitt. Gígurinn er vel yfir 50 metra djúpur og niðri í honum er tjörn sem er fallega blá. Dýpt tjarnarinnar fer eftir grunnvatnsstöðu, sem getur verið frá 7 metrum upp í 14 metra.

MYND/FACEBOOK

DRAUGASAFNIÐ

Draugasafnið á Stokkseyri er fjölbreytt skemmtun en þar er einnig að finna Álfa-, tröllа- og norðurljósasafnið. Söfnin eru opin alla daga frá kl. 13-18 og eru staðsett við hlið Fjöruborðsins, hins margrómaða humarstaðar á Stokkseyri. Draugasafnið þykir afbragðsskemmtun en heyrst hafa sögur af því að jafnvel svölustu gestum hafi brugðið í brún af óskýrðum ástæðum.

MYND/ERNIR

SÓLHEIMAR

Sjarmabýlið Sólheimar er dásamlegur staður. Þar er sköpunargleðin við völd hvert sem litið er. Hægt er kíkja á listasýningar og kaupa listaverk og fara í kaffi á stórkostlegt kaffihús staðarins. Yfir sumartímann má einnig versla lífrænt grænmeti sem er ræktað á Sólheimum og heimabaksturinn er algert sælgæti. Á staðnum er einnig gistiheimili og hægt að fá leiðsögn um svæðið.

MYND/FACEBOOK

SLAKKI

Litli dýragarðurinn Slakki er sjarmerandi og heimilislegur. Þar er að finna framandi fugla í bland við húsdýr og mínígolfvöll, leiktæki og franskar. Garðurinn er staðsettur að Laugarási, Hrunamannahreppi – ekki langt frá Friðheimum – og er opinn frá 11-18 alla virka daga.

MYND/FACEBOOK

HÓTEL GRÍMSBORGIR

Hótelið er annað af tveimur 5 stjörnu hótelum landsins. Þjónustan er margrómuð og hótelið ákaflega fallegt og heitir pottar víða um svæðið en hótelið býður bæði upp á herbergi, íbúðir og lúxusgistingu í húsum. Í sumar er boðið upp á ýmis tilboð á hótelinu auk þess sem Abba-sýningar eru reglulega á staðnum. Veitingastaður hótelsins þykir virkilega góður og er boðið upp á happy hour milli 16 og 18 alla daga vikunnar. Morgunverðarhlaðboð staðarins þykir eitt það besta á landinu þar sem brakandi ferskt freyðivín bíður og eggjakökur eru sérsteiktar ofan í gesti.

MYND/FACEBOOK

HRAUNBORGIR

Eitt besta tjaldstæði landsins. 22ja ára aldurstakmark er inn á stæðið svo unglingar í leit að veseni verða að leita annað. Tjaldstæðið er ákaflega fjölskylduvænt og rekið af fjölskyldu sem þjónar sjálf til borðs á litlum veitingastað í þjónustumiðstöðinni. Staðurinn heitir Þorparinn og þar er hægt að fá ískaldan bjór á krana og fantagóðar pítsur. Þar er einnig fínt útisvæði, aparóla og sundlaug.

MYND/GVA

ÞINGVELLIR

Allir þurfa að heimsækja Þingvelli, helst á hverju sumri. Hvort sem er í spássitúr, til að veiða, fara í lautarferð eða kíkja á Peningagjá. Börnum finnst gaman að kasta peningum í gjána og óska sér.

Laugarnar í Reykjavík

Sumar samflot

Miðvikudagskvöld í sumar kl. 20–21

22. júlí	**Árbæjarlaug**	Flot með tónheilun
29. júlí	**Vesturbæjarlaug**	Vatnadans og flot
5. ágúst	**Breiðholtslaug**	Flot með jóga
15. ágúst	**Ylströnd**	Rósabað og samflot

FLOT HETTA

www.itr.is

Una í eldhúsinu

MYNDIR/AÐSENDAR

Una Guðmundsdóttir skellir hér í ítalska veislu fyrir fjölskylduna. Ekki er verra að gera tvöfalda uppskrift og frysta, til þess að eiga þegar góða veðrið kitlar og eldhúsbrask er minna aðlaðandi.

Ítalskar brauðbollur

450 g hveiti
220 ml volgt vatn
2,5 tsk. þurrger
1 tsk. salt
5 msk. hvítlauksolía
Oreganókrydd
Smjör

Blandið saman volgu vatni og þurrgeri og hrærið blönduna vel saman. Setjið hveiti í skál og blandið gerblöndunni, saltinu og olíunni vel saman við.

Hnoðið deigið vel saman og leyfið því að hefast í um 45 mínútur.

Myndið litlar kúlur og setjið á ofnplötu (bökunarpappír undir).

Bræðið smjör og penslið bollurnar með því og stráið oregano kryddi yfir.

Bakið bollurnar við 180 gráður í um 13-16 mínútur.

Kjötbollur og dásamlega bragðgóð pastasósa

Einn af mínum uppáhaldsheimilisréttum er spagettí og finnst öðrum fjölskyldumeðlimum það alltaf jafn gott. Ég breyti gjarnan til og útbý gómsætar kjötbollur, í stað þess að hafa hakk í sósu. Hérna kemur uppskrift að góðum heimilismat, spagettíi með heimagerðri sósu, kjötbollum og síðast en ekki síst heimalöguðum hvítlauksbrauðbollum.

Kjötbollur

Fyrir 4
500 g nautahakk
½ tsk. hvítlaukskrydd
½ tsk. salt
1/3 tsk. pipar
2 dl spínat
½ dl steinselja
Ritz-kex
2 egg
Olía til steikingar

Byrjið á því að taka um 20 Ritz-kex og setja í matvinnsluvél.

Setjið hakk í skál ásamt eggjunum og ritz-kexinu og hnoðið vel saman.

Saxið spínat og steinselju niður örfínt og blandið saman við hakkið.

Kryddið hakkblönduna vel með, salti, pipar og hvítlaukskryddi.

Hitið pönnu með olíu og myndið litlar kúlur úr hakkblöndunni og steikið á pönnunni þar til hliðarnar eru farnar að brúnast. Setjið næst kjötbollurnar í eldfast form og inn í ofn á um 200 gráður í um 8-10 mínútur.

Pastasósa

1 dós tómatmauk (paste)
10-15 piccolo-tómatar
1 tsk. oreganó
1/3 tsk. salt
2 hvítlauksrif, marin
1/3 tsk. pipar
1 dl vatn
1 dl söxuð basilíka

Blandið tómatmauki og vatni saman í pott og hrærið vel. Leyfið suðunni aðeins að koma upp.

Saxið niður piccolo-tómata og basilíku mjög smátt og blandið saman við.

Kryddið sósuna að vild, sumir vilja mikinn hvítlauk eða pipar, á meðan aðrir vilja hafa sósuna mildari.

Umhverfisvænir

BAMBUS TANNBURSTAR

Góðir fyrir þig OG NÁTTÚRUNA!

Colgate

Ákveðin hugleiðsla að elda

Elísa Viðarsdóttir er afrekskona í knattspyrnu og spilar með Val. Hún er líka meistaranemi í næringarfræði, móðir, og starfar sem matvælafræðingur. Hún þarf mikla orku fyrir amstur dagsins og gefur sér oftast tíma til að elda góðan og næringarríkan mat.

Sóley Guðmundsdóttir
soley@dv.is

Venjulegur dagur hjá mér byrjar á því að mæta í vinnuna upp úr átta," segir Elísa. „Eftir vinnu fer ég í búðina til að geta undirbúið kvöldmatinn áður en ég sæki stelpuna mína á leikskólann um klukkan þrjú." Elísu finnst mjög nærandi að sækja dóttur sína snemma í leikskólann. „Það er gott að eiga tíma með henni áður en ég fer á æfingu seinni partinn. Eftir æfingu er gott að koma heim og þurfa bara að hita upp matinn. Á kvöldin, þegar stelpan er sofnuð, finnst okkur gott að horfa á einn þátt til að tæma hugann."

Heilbrigt samband við mat mikilvægast

Elísa fylgir ekki neinu ákveðnu mataræði. Hún er að leggja lokahönd á meistararitgerð í næringarfræði og veit því vel hvað hentar henni að borða til að hafa næga orku til að sinna vinnu, skóla, fjölskyldunni og æfingum. „Það sem hentar mér er að borða fjölbreyttan mat sem er vel samsettur af próteinum, kolvetnum og fitu. Mér finnst þó mikilvægast að eiga í heilbrigðu sambandi við mat og ekki flokka mat í slæman eða góðan, frekar næringarríkan eða næringarsnauðan. Það er nefnilega allt í lagi að borða allt, bara ekki allt í einu og ekki alltaf."

Elísa hefur mjög mikinn áhuga á eldamennsku. „Mér finnst ákveðin hugleiðsla í því að standa í eldhúsinu að elda og sæki því mjög mikið í það. Ég verð að segja að sjálfstraustið er með mér í eldhúsinu og ég trúi því innilega að ég sé ágætis kokkur." ■

Elísa hefur mikinn áhuga á eldamennsku og trúir því að hún sé ágætis kokkur. MYND/ERNIR

Matseðill Elísu

Morgunmatur
Hafrar, chia-fræ, hampfræ, salt, smá sítrónusafi, látið liggja í möndlumjólk yfir nótt. Toppa þessa máltíð svo með því sem til er hverju sinni. Oftast er það banani og stökkt múslí & KAFFI. Ég er mikil kaffikona.

Millimál
Ótrúlega misjafnt, en ávextir eða grænmeti, flatkökur, hreint skyr með banana og múslí, brauð með áleggi og svo gæti ég borðað hummus með skeið upp úr boxi ef þannig ber við.

Hádegismatur
Ég bý mér oft til alls konar matarmikil salöt úr því sem til er í ísskápnum, kínóa eða bygg, falafelbollur, klettasalat, ofnbakað grænmeti með góðri dressingu er svolítið það sem ég er að vinna með.

Ef skipulagið fer alveg úr böndunum (sem gerist oft) þá hefur eggjavélin í vinnunni komið mér ansi oft til bjargar og þá eru það 2 brauðsneiðar með smjöri, osti og soðnu eggi, legg ekki meira á ykkur.

Millimál
Fæ mér eitthvað kolvetnaríkt fyrir æfingar, brauð með áleggi, morgunkorn eða ávexti.

Kvöldmatur
Fiskur verður mjög oft fyrir valinu á mínu heimili, annars einhverjir ljúffengir grænmetisréttir.

Fiskur á einni pönnu er í miklu uppáhaldi og alveg ótrúlega einfalt og gott.

Fiskur á einni pönnu

Uppskrift fyrir 2-3
500 g þorskhnakkar
1 blaðlaukur
1 grænt epli
50 g parmesan-ostur
300 ml kókosrjómi/matreiðslurjómi
1 tsk. aromat
1 tsk. chillí flögur
2 msk. karrý
Salt og pipar eftir smekk
Handfylli af klettasalati
Hveiti til að velta fiskinum upp úr

Fiskinum velt upp úr hveiti og steiktur á vel stórri pönnu upp úr smjöri og olíu 2-3 mínútur á hvorri hlið, þá er fiskurinn kryddaður og kókosrjómanum/matreiðslurjómanum hellt yfir.

Látið malla í 5-10 mínútur á meðal háum hita. Blaðlauknum og eplunum er bætt við sem og parmesan-osti, þetta er látið malla í 5 mínútur, eða þar til osturinn er bráðinn og laukurinn og eplin aðeins farin að eldast.

Að lokum er klettasalati stráð yfir og örlítið meira af parmesan rifið yfir. Fiskurinn er svo borinn fram á beint á pönnunni.

MYND/AÐSEND

ÍBÚÐIR VIÐ SKEKTUVOG
KOMNAR Í SÖLU

OPIÐ HÚS

SUNNUDAGINN 19. JÚLÍ
SKEKTUVOGI 2, ÍBÚÐ 401 — KL. 12-13

Byggingarnar eru í kjarna með fjórum húsum og sameiginlegum bílakjallara. Vandaðan söluvef verkefnisins er að finna á **tgverk.is/vogabyggd/**

- Vel hannaðar íbúðir á góðu verði
- Bílastæði fylgir öllum íbúðum
- Innbyggður ísskápur og uppþvottavél í öllum íbúðum
- Fullbúnar íbúðir með gólfefnum
- Dýrahald leyft í Skektuvogi 4 þar sem nokkrar íbúðir eru með sérinngangi



Til vinstri: 3. hæð, íbúð 303 í Skektuvogi 2
Til hægri: 1. hæð íbúð 101 í Skektuvogi 4

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA:

Hrefna K Þorvaldsdóttir
markaðs og sölustjóri ÞG verk
824-8448, hrefna@tgverk.is

Ægir Breiðfjörð
fasteignasali
896-8030, ægir@borgir.is

tgverk.is

ÞG VERK
Traustur byggingaraðili síðan 1998

Fjölskylduhornið

Kristín Tómasdóttir fjölskyldumeðferðarfræðingur svarar spurningum lesenda um málefni er varða fjölskylduna, börnin og ástina í Fjölskylduhorni DV. Að þessu sinni svarar hún lesendum sem hafa aldrei verið einhleypir.

Sérfræðingur svarar

VIÐ KUNNUM EKKERT ANNAÐ

Við erum búin að vera saman frá því við vorum 15 ára, höfum verið saman í 29 ár og eigum tvö börn. Við kunnum ekkert annað en að vera saman og okkur líður vel, en okkur hefur báðum liðið eins og við séum að fara á mis við eitthvað. Við höfum aldrei verið með öðrum manneskjum og höfum engan samanburð um það hvernig þetta gæti verið öðruvísi. Þetta hefur stundum valdið afbrýðisemi og vantrausti í tengslum við hvort hinn aðilinn sé að líta í kringum sig, sé að hugsa um framhjáhald eða jafnvel skilnað og að breyta til. Þegar við ræðum þetta þá erum við sammála um að rækta sambandið okkar, en þetta er svona mara sem hangir alltaf yfir okkur. Áttu einhver ráð?

MYND/GETTY

Frábær spurning

Takk fyrir frábæra spurningu og mikið er ég glöð að þið skulið eiga svo opinská samskipti að þið getið rætt flókna líðan ykkar í tengslum við sambandið. Það sem myndi hræða mig væri ef þið væruð að hugsa þetta sitt í hvoru horninu, gætuð ekki rætt þetta og jafnvel stigið einhver skref sem þið svo seinna gætuð séð eftir. Allt uppi á borðum, er það ekki alltaf best?

Sterkari heild

Sterk sjálfsmynd hefur mest forspárgildi um hamingju í framtíðinni og því sterkari sjálfsmynd sem þú býrð yfir, því líklegra er að þú eignist maka með sterka sjálfsmynd. Ástæður þess að sambönd sem byrja á unglingsárum endast ekki alltaf alla ævi, er oft sú að fólk þroskast sitt í hvora áttina, en í þeim tilfellum þar sem verða samlegðaráhrif, geta einstaklingarnir orðið sterkari heild en margar aðrar. Þar sem ykkar tengsl byrja að myndast á ykkar mestu mótunarárum má draga ályktun um að þið hafið þroskast saman og haft jákvæð áhrif á sjálfsmynd hvors annars.

Kostirnir fleiri

Við mótumst nefnilega af samböndunum sem við erum í. Það hvernig ég tala, mótast af því hvernig þú hlustar. Það hvernig ég sýni mig fer eftir því hvernig þú sérð mig. Sambönd móta hver við erum. Gætuð þið snúið dæminu við og hugsað: hvað höfum við sem aðrir hafa ekki? Hvað gefur þessa margra ára sérstaða okkur? Ég leyfi mér að fullyrða að kostirnir geti verið ansi mikið fleiri en gallarnir. Þið hafið mótað hvort annað í áraraðir og fyrir vikið má segja að þið séuð sérsniðin upp á millimetra hvort að öðru. Það er meira en margir geta sagt.

> *Við höfum aldrei verið með öðrum manneskjum og höfum engan samanburð um það hvernig þetta gæti verið öðruvísi?*

Þess virði?

Þú talar um að þið upplifið að þið hafið misst af einhverju, en það er mikilvægt að minna sig á að stórum breytingum eins og skilnaði og nýju sambandi fylgja líka fylgifiskar sem þið eruð ekkert endilega spennt fyrir. Þið gætuð verið að missa af því að byrja upp á nýtt, að læra að vera ein aftur, kynnast nýjum einstaklingi og setja saman fjölskyldur. Þessu fylgja nýjar áskoranir, óðruvísi vandi og mögulega eitthvað nýtt og spennandi. En þessu fylgir ekki bara bleikt ský og hamingja, ónei, á ykkar aldri getur þetta orðið drulluflókið verkefni, sem getur mögulega aldrei smollið jafn vel og þið hafið nú þegar gert hvort að öðru. Er það þess virði?

Væri ekki heldur ráð að setja fókusinn á hvað þið getið gert til þess að auka spennu, ófyrirsjáanleika og nýjungar í ykkar sambandi? Þið eruð ekki búin að leggja skóna á hilluna. Það er svo margt sem þið getið gert til þess að gera þetta langa samband ykkar ennþá dýpra. Hvaða tilraunir getið þið gert í tengslum við það? Hvað þarftu frá makanum þínum sem þú ert ekki að fá? Hvað getur þú veitt maka þínum sem þú hefur aldrei áður gert?

Hugsið í lausnum

Mögulega þurfið þið að setjast niður og endurskilgreina samband ykkar. Langar ykkur til þess að eyða meiri tíma ein eða saman? Langar ykkur til þess að prófa eitthvað nýtt?

Í dag er töluvert meira umburðarlyndi gagnvart ýmsum sambandsformum og pör eru farin að skilgreina sambönd sín á ýmsa vegu, t.d. opið samband, fjölástir, eða ákveður að hætta tímabundið saman.

Ég er alls ekki að segja ykkur hvað þið eigið að gera, enda enginn sérfræðingur í ykkar lausnum, en mögulega myndi það létta þessa þungu möru sem vofir yfir ykkur, ef þið horfist í augu við þetta og hugsið í lausnum. Hvað þurfið þið svo vantraustið og óttinn hverfi?

Þið hafið verið saman í 29 ár, það hlýtur að þýða að þið séuð fær um ýmislegt saman. Nýtið ykkur það sem styrkleika og haldist í hendur í átt að ykkar lausn. ■

Við hvetjum lesendur til að senda spurningar og vangaveltur sínar til Kristínar í tölvupósti á: *hjonabandssaela@gmail.com.*

Spurningunum verður svo svarað hér í Fjölskylduhorninu, að sjálfsögðu nafnlaust og í fullum trúnaði.

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum

KRÓKUR
á þinni leið

Vesturhraun 5 210 Garðabær

HELGAR KROSSGÁTAN

			FLEYGUR HRAKNING-UR		RÁNDÝR ÍÞRÓTT		STUBBUR		GALSI VELLÍÐAN		
	AÐGERÐAR-LÍTILL LEYFI										BORNAR
						1	MÆLI-EINING				
	HVAÐEINU						BYLTA HERMIR				
				FROÐA SMÁMJAKA			2			HRAKA	
	ÍÞRÓTTA-FÉLAG TVEIR EINS				SÍÐAN	SÝNI KVEINA					
		BLAÐUR TAUMUR		FRASI SÝTA						PÍPA MEGA TIL			
GOS-DRYKKUR LAMASESSI			3			STEIN-TEGUND ERFIÐI					FJANDANS		GRAMAR
					STIG					SÁLGA SÁR			
TUNGUMÁL		MERKJA SNÚNINGA			6			SKORDÝR STÓREFLIS				4	
					FIPA		JAPLA LÖGUR					FYRIR-MYND	
BRÁÐRÆÐI			UMRÓT	STÓR					GÆLU-NAFN				
BAKSA	UMFANGS								ALLT SAMAN		MAR ÖGN		
						MJAKA STRUNSA						EINMÆLI		RÍFA
RAUS				RIST MARGVÍS-LEGIR						FLAKK GAPA				
		BÓLGU-ÆXLI VIÐUR	7				HÉKK KROPP						TILRAUNA-UPPTAKA	
BORÐHALD BIT			MÁTTUR ÚTSÆÐI					SAMSULL MEIÐSLI						
					DANS TÓNN						SEINKA	5		
BÓKARA									SMJATT					
	KVÖRTUN					TREYSTA					FUGL			

Verðlaunahafi síðustu helgarkrossgátu

Þorfinnur Finnsson, Kópavogi.

Rétt svar við gátu vikunnar skal senda á krossgata@dv.is ásamt nafni, símanúmeri og heimilisfangi.

Verðlaun fyrir rétt svar er bókin Snerting hins illa, eftir Max Seeck.

Þegar ljóst verður að finnski diplómatinn Jare Westerlund er enn á lífi, eftir að hafa látið sig hverfa frá Króatíu á fölsuðu vegabréfi, fær Annika Letho fyrrverandi friðargæsluliðann Daniel Kuisma í lið með sér. Saman eru þau staðráðin í að rekja slóð Westerlunds og æsispennandi atburðarásin teygir sig víða um heim, allt frá Norður-Noregi til San Francisco. Því meira sem rannsókn þeirra leiðir í ljós, þeim mun hræðilegri verður sannleikurinn. Maðurinn sem þau elta er ekki allur þar sem hann er séður og eðli hans verra en nokkurn hefði órað fyrir.

Snerting hins illa er önnur skáldsaga Max Seeck sem sló í gegn með fyrstu bók sinni, Englum Hammúrabís, og hlaut fyrir hana Finnsku glæpasagnaverðlaunin.

Sigurður Karlsson þýddi.

SUDOKU

Lausnarorð þessarar helgarkrossgátu er:

1	2	3	4	5	6	7

6								
		4	7	2				
						1		3
	5		2				1	8
	2	6			3			5
		8		9				
	7							9
	1			8	9	4		2

								6
1							2	
5		4		9	2			8
		5		7				9
3					1		5	
2		1		6				
					9			
			6	4				
	8			5				4

Lausn síðustu helgarkrossgátu

ÓREGLULEG SUDOKU

Þessi tegund af sudoku nefnist Óregluleg sudoku. Þar eru kassarnir fyrir tölustafina 9 ekki reglulegir en þrautin er eftir sem áður sú sama, það er að eingöngu má nota hvern tölustaf frá 1 upp í 9 einu sinni í hverjum kassa, þótt hér séu þeir óreglulegir og að í hverri línu, lárétt og lóðrétt gildir það sama og í öðrum sudoku að aðeins má hver tala koma fyrir einu sinni.

					9			
	4			2	7		8	
		9	6			5		
1	5			7		9		
	9		5		3		2	
		2		8			1	5
		7			5	8		
	2		7	1			5	
			2					

AMERÍSK KROSSGÁTA



LÁRÉTT

1. svelti
6. krumla
11. samkvæmt
12. frí
13. dramb
14. sveigur
15. pilla
16. koffort
17. spyr
18. í röð
19. skrá
20. dá
23. dýrahljóð
26. sprikl
27. stagl
31. véfengja
33. haldast
34. henda
35. lagfæring
36. urg
37. þrífa
38. embætti
39. ásamt

LÓÐRÉTT

1. men
2. að baki
3. bolur
4. augnaráð
5. nabbi
6. freisting
7. fugl
8. gerviefni
9. ræðustóll
10. afhending
18. skítur
21. skrifara
22. ögra
23. borgarís
24. bylgjast
25. veski
28. myndabók
29. jurtaríki
30. fjandi
32. högg
33. blek

STAFARUGL

Leynigesturinn í síðasta stafarugli var **ELDINGAR**, enda frekar sjaldgæft fyrirbrigði í íslensku veðurfari.

Í síðasta stafarugli voru það hin óútreiknanlegu blæbrigði veðursins en núna var mér skipað að koma með „almennilegt“ stafarugl með orðum sem væru ekki svona þunglyndisvaldandi eins og veðurorð. Það hringdi nefnilega í mig lesandi, og held ég að ég hafi meira að segja heyrt rigningarhljóð á þaktjaldi í bakgrunninum, og heimtaði stafarugl með orðum sem dreifðu huganum frá veðrinu og svekkelsinu að koma seint að kvöldi á tjaldstæði og vera tilkynnt að því miður væri ekkert pláss laust.

Ég hlýði því eins og barinn rakki og hér er því stafarugl með, að ég vona, annaðhvort hlutlausum eða gleðilegum orðum.

En ég gef aðeins upp 19 þeirra líkt og venjulega og 20. orðið, leynigesturinn, er hvorki hlutlaust né gleðilegt, en það var eitt það síðasta sem þessi lesandi sagði við mig áður en viðkomandi skellti á.

fagriskógur
sólskinsskap
gleðihlátur
sumarblíða
sólpallur
fjara
grillkjöt
varðeldur
elskulegheit
vinargreiði
fjölskyldulíf
rósemd
leiftrandi
galsi
fjallavatn
fjöruferð
lautartúr
kátína
glaðværð

M	A	G	F	É	Đ	G	É	P	É	G	X	S	F	A	K	K	P	V	Ó	S	B	Á	V	Đ	T	Đ	B	R	A
K	G	E	É	Í	V	Y	Ú	Ó	M	J	L	H	R	H	Y	E	U	O	X	Ý	F	J	Ö	R	U	F	E	R	Đ
I	V	U	N	L	D	U	Í	O	I	K	H	A	H	V	V	E	A	E	L	I	Í	Á	N	Ú	Ó	A	F	Í	T
L	F	Í	G	I	M	I	Á	N	J	K	Á	Đ	Đ	S	Y	L	R	N	R	M	Ó	R	T	V	A	G	E	E	R
G	L	E	Đ	I	H	L	Á	T	U	R	Ó	Í	Í	V	Í	Ó	J	R	Ý	S	T	Á	Đ	N	B	R	Y	K	V
A	D	E	T	Á	F	T	S	E	Y	U	I	V	T	H	Æ	L	Y	É	T	N	D	D	Í	Ý	A	I	E	Á	Í
I	E	J	I	B	Đ	A	L	É	X	N	É	S	N	J	N	R	D	N	Đ	S	T	T	T	J	D	S	Y	J	I
M	S	Y	D	F	Í	Ý	Ú	P	É	Á	O	R	F	V	O	O	Đ	Ý	S	A	Á	Ú	Ý	G	V	K	E	F	Ú
E	X	I	Ý	J	T	P	T	V	J	Y	H	R	J	Á	H	D	X	L	D	K	X	N	S	E	N	Ó	B	D	E
Y	J	J	M	Á	L	R	T	B	Ú	L	É	V	A	U	D	X	D	Ý	H	Đ	B	I	G	S	É	G	M	Á	M
A	Í	G	S	U	Ý	Ý	A	X	G	R	S	Ó	L	S	K	I	N	S	S	K	A	P	T	H	K	U	P	B	L
O	O	O	Y	Đ	H	P	H	N	U	O	Ú	Í	L	M	T	O	L	Y	F	Í	E	F	P	P	Đ	R	K	J	T
T	J	T	É	G	Ú	I	H	D	D	B	X	G	A	Đ	N	F	R	U	O	A	E	E	T	V	N	M	N	R	V
J	E	A	Y	N	U	Đ	L	V	M	I	R	K	V	N	O	Ý	Í	Ó	U	G	F	N	Ó	L	M	F	B	I	O
N	P	V	E	L	G	E	Í	E	G	F	Ú	U	A	S	E	Ó	M	L	Í	S	S	T	O	O	G	A	Á	G	Í
Y	É	Ú	Ó	É	Đ	A	X	P	V	E	E	Á	T	U	R	R	Ú	O	D	D	A	M	K	J	Y	S	U	É	Ó
O	R	É	K	R	A	T	L	Ó	Á	L	K	K	N	M	I	I	S	T	G	Í	M	X	Á	Í	U	E	K	X	M
L	N	G	A	R	A	G	N	S	E	S	P	A	U	A	Y	Ú	I	É	Á	H	Ý	T	Á	Á	Ý	B	O	Ó	Y
L	H	V	Ý	H	G	V	J	N	I	K	Ú	L	Á	R	F	Í	D	H	S	T	Í	É	A	B	Á	F	K	N	Ú
E	Y	P	E	M	N	Í	D	X	P	U	D	N	R	B	E	V	M	A	H	O	X	R	D	O	Í	M	M	M	X
P	V	R	H	Đ	D	I	X	Í	S	L	Ú	Ú	F	L	V	I	N	A	R	G	R	E	I	Đ	I	Ú	S	X	G
J	R	Đ	I	R	L	V	Ú	P	A	E	L	É	É	Í	S	H	Ó	Ó	H	Ó	I	J	A	H	E	B	D	O	E
R	R	O	X	K	P	V	Y	N	Đ	G	É	F	Á	Đ	M	H	A	S	Y	Đ	J	Y	É	K	D	Ó	R	Í	S
Y	V	X	Đ	Ú	M	U	O	T	P	H	Á	H	J	A	Ý	X	I	Y	R	Ó	F	Ó	H	Ý	L	N	Y	Í	F
B	D	U	V	I	X	B	O	Ú	E	E	Á	Đ	E	Ö	X	R	G	B	D	V	S	V	I	L	Đ	T	Đ	Ý	S
K	Ó	D	T	Ý	K	L	S	E	K	I	Í	Y	N	Á	L	L	B	B	V	H	P	X	Í	Í	Ó	P	S	L	U
H	G	Đ	Á	É	R	L	Đ	I	N	T	L	Ý	Ý	D	E	S	G	T	É	L	F	É	X	M	Ó	Ó	É	J	E
U	O	M	N	Ú	P	Đ	A	E	J	Ý	N	T	U	K	I	K	K	K	N	J	M	H	Đ	L	V	Ú	M	N	D
Í	V	F	Ó	X	I	F	Í	Đ	A	Í	D	S	A	Đ	Y	Ý	Á	Y	H	B	H	I	T	K	X	A	A	R	É
S	V	H	B	Ó	G	R	I	L	L	K	J	Ö	T	M	G	U	S	Ó	L	P	A	L	L	U	R	I	É	P	K
G	Đ	Ý	É	J	D	O	Đ	Ú	F	A	E	Ó	Ý	Đ	T	Í	D	Đ	Ó	D	Đ	S	A	G	Y	K	Í	S	N
Ó	I	X	É	Ý	P	É	D	E	O	O	U	Y	H	Đ	Ú	J	S	Y	G	B	U	V	P	Ý	K	Í	K	Đ	V
E	Á	U	L	Ý	B	Y	Y	K	K	K	É	T	J	Ú	T	E	Á	Ú	B	X	K	L	Á	I	É	F	K	H	N
R	O	D	H	J	K	B	Đ	V	É	Đ	F	Á	A	R	I	U	D	L	Á	É	F	J	Í	X	R	J	T	D	X
V	S	L	A	G	V	I	Đ	R	I	V	N	J	T	R	O	L	X	Ý	J	Ý	Y	H	Á	F	É	N	M	G	N
T	A	K	M	Ú	Á	L	X	Ú	Ú	R	F	M	A	Ý	T	J	K	Á	R	Á	D	Á	I	Á	K	E	Á	G	D
A	L	Ý	Đ	R	Í	Đ	Đ	Í	F	T	I	Á	A	R	P	Ú	I	F	T	D	Á	D	O	V	S	B	K	L	T
I	Ó	A	B	D	Á	X	R	H	S	V	J	A	H	T	A	R	R	A	U	H	É	S	Ý	Ó	X	X	S	O	H
Ú	Ú	M	Ú	Y	J	L	Ú	U	G	D	O	Á	R	I	G	M	A	S	J	A	P	N	R	N	R	K	L	Y	S
A	D	V	S	O	N	S	V	T	O	Ú	A	K	Ý	S	Á	Ú	X	Í	O	É	É	X	Á	Ó	O	Á	I	A	T

BÖLVUN GLEÐISVEITARINNAR

Sú kenning hefur náð flugi á Internetinu að bölvun hvíli yfir þáttaröðinni um Gleðisveitina, en leikkonan Naya Rivera drukknaði í Kaliforníu á dögunum og varð þar með þriðji aðalleikari þáttanna til að láta lífið langt fyrir aldur fram.

Erla Dóra Magnúsdóttir
erladora@dv.is

Þættirnir um gleðisveitina (e. Glee) eru vinsæl þáttaröð um söng, dans og gleði. Þættirnir fjölluðum um svonefnda gleðisveit unglinga í menntaskóla, ástir þeirra og örlög. Það var ekki alltaf tekið út með sældinni að vera í gleðisveitinni en í gegnum söng og dans virtust persónur þáttanna ná að yfirvinna hverjar þær aðstæður sem upp komu í lífi þeirra. En utan tökustaðar hafa miklar hörmungar riðið yfir leikendur og starfsmenn þáttanna, svo mjög að kenningar hafa vaknað um að bölvun hvíli á þáttunum. ■

KENNDI JULIU ROBERTS UM

Það voru ekki bara leikarar þáttanna sem féllu frá langt fyrir aldur fram.

JIM FULLER var aðstoðarleikstjóri þáttanna. Hann varð bráðkvaddur í svefni árið 2013, aðeins 41 að aldri. Við þættina vann einnig kona að nafni **NANCY MOTES.** Hún var yngri systir stórstjörnunnar Juliu Roberts og bar systur sinni ekki fagra söguna en hún sakaði Roberts um mikla stjórnsemi og vanvirðandi framkomu.

Motes tók eigið líf árið 2014 en hún glímdi við alvarlegt þunglyndi. Hún skildi eftir sig bréf til unnusta síns þar sem hún kvað móður sína og systur meðal annars bera ábyrgð á hvernig komið var fyrir henni. „Móðir mín og svokölluð systkini mín fá ekkert eftir mig nema minninguna um að það voru þau sem ollu mínu versta þunglyndi.“

ÖNNUR HNEYKSLI GLEÐISVEITARINNAR

LEA MICHEL var stjarna þáttanna. Hún hefur nýlega verið sökuð um að beita meðleikara sína einelti og yfirgangi á tökustað og vera með yfirgengilega stjörnustæla.

JESSE LUKEN fór með gestahlutverk í þáttunum árið 2012. Hann var handtekinn og kærður fyrir ölvunarakstur árið 2019, sem þótti mikið hneyksli.

Leikkonan **HEATHER MORRIS** fór með stórt hlutverk í þáttunum. Hún varð fyrir því árið 2010 að óprúttnir tölvuþrjótar komust í nektarmyndir af henni og birtu á Internetinu.

Leikararnir **MELISSA BENOIST** og **BLAKE JENNER** léku bæði í þáttunum og áttu í ástarsambandi utan þáttanna. Benoist greindi síðar frá því að Jenner hafi beitt hana ofbeldi í sambandinu.

FÓRNAÐI SÉR FYRIR SONINN

NAYA MARIE RIVERA fór með hlutverk Santönu Lopez í þáttunum, klappstýra sem kallaði ekki allt ömmu sína. Eftir að þáttaröðin hafði runnið sitt skeið gekk Rivera að eiga leikarann Ryan Dorsey og átti með honum sitt fyrsta og eina barn, Josey. Árið 2017 var Rivera handtekin fyrir heimilisofbeldi gegn manni sínum og skildu þau í kjölfarið. Dorsey neitaði þó að leggja fram kæru og var heimilisofbeldismálið látið niður falla.
Þann 8. júlí síðastliðinn var tilkynnt að Riveru væri saknað eftir að fjögurra ára sonur hennar fannst aleinn á reki í bát á vatninu Lake Piru í Kaliforníu. Drengurinn fannst sofandi í björgunarvesti um borð í bátnum og gat hann greint lögregluyfirvöldum frá því að hann og móðir hans hefðu stungið sér til sunds og svo hefði Rivera komið honum aftur upp í bátinn en aldrei skilað sér þangað sjálf.

Upphófst umfangsmikil leit að Rivera. Daginn eftir að leit hófst greindi lögreglustjórinn á svæðinu frá því að við leit væri gengið út frá því að Rivera hefði drukknað.

Fimm dögum síðar fannst Rivera og var opinberlega úrskurðuð látin. Talið er að hún hafi lent í miklum straumþunga í vatninu og nýtt síðustu krafa sína í að bjarga syninum. Dánarorsök var skráð drukknum af slysförum.

TAPAÐI BARÁTTUNNI VIÐ FÍKNINA

COREY ALLAN MICHAEL MONEITH fór með hlutverk Finn Hudson í þáttunum, ameríska fótboltamannsins með englaröddina sem lék lykilhlutverk í að færa Gleðisveitina til vegs og virðingar. Utan þáttanna glímdi Moneith þó við persónulega djöfla. Frá 13 ára aldri hafði hann glímt við fíkn og reyndist erfitt að komast undan henni. Árið 2013 fannst samstarfsmönnum hans í þáttunum nóg komið, gripu inn í og hvöttu hann til að leita sér hjálpar. Moneith fór þá í meðferð og virtist allt horfa til betri vegar.

Aðeins tveimur mánuðum eftir að hann lauk meðferðinni fannst Moneith látinn á hótelherbergi eftir að hafa farið út að skemmta sér með vinum. Banamein reyndist banvæn blanda af vímuefnum og áfengi. Ekki var talið að um viljaverk væri að ræða. Moneith hafði farið í meðferð og þol hans fyrir vímugjöfum hafði minnkað svo mikið að skammtur sem hann hafði áður þolað vel, reyndist banvænn. Hann var aðeins 31 árs þegar hann lét lífið. Andlát hans lagðist þungt á samstarfsmenn hans, en að undirlagi mótleikkonu hans, Lea Michele, var ákveðið að halda töku þáttanna áfram og helguðu þau heilan þátt minningu Moneith og persónu hans Finns.

GÍFURLEGT MAGN AF BARNAKLÁMI

MARK WAYNE SALLING fór með hlutverk Noah „Puck“ Puckerman í þáttunum, Puck var ameríkur fótboltamaður, líkt og Finn, og bar litla virðingu fyrir samnemendum sínum í Gleðisveitinni, eða allt þar til að hann öðlaðist kjarkinn til að viðurkenna að hann hafði gaman af því að syngja og dansa.

Tveimur árum síðar var Salling handtekinn á heimili sínu í Los Angeles grunaður um vörslu barnakláms. Við húsleit heima hjá honum fannst gífurlegt magn af barnaklámi og málið spurðist fljótlega út opinberlega. Ljóst var að Salling var búinn að vera. Hann var í kjölfarið ákærður og sakfelldur fyrir brot sín. Átti hann yfir höfði sér fjögurra til sjö ára fangelsi auk þess sem hann kæmi til með að þurfa að vera á skrá yfir kynferðisbrotamenn og leita sér meðferðar við barnagirnd. Áður en dómari hafði ákvarðað refsinguna fannst Salling, sem þá var laus gegn tryggingu, látinn nærri heimili sínu. Dánarorsök var sjálfsvíg.

SPÁÐ Í... stjörnurnar

LESIÐ Í TAROT

Eivør Pálsdóttir

Verndarengill með húmor

Eivør Pálsdóttir söngkona er í huga margra sveipuð dulúð og náttúrulegum krafti. Eivør á afmæli á þriðjudaginn, 21. júlí, og því tilvalið að rýna í Krabbann og hans eiginleika.

Krabbinn er hálfgerður verndarengill, hann hugsar svo ofboðslega vel um sitt fólk og vill allt fyrir alla gera. Krabbinn er mjög ástríkur og passar að næra sitt innra barn með aulahúmor og leik. Krabbinn á það til að taka hluti of nærri sér og leynir því ekki þegar hann er þreyttur eða svangur. Í þeim tilfellum væri kannski best að halda sig aðeins fjarri.

Bikarriddari

Lykilorð: Sköpunargleði, rómantík, sjarmi, ímyndunarafl, fegurð

Fagurt er fyrsta spil þitt en það einkennist af sköpun og rómantík. Innsæið mitt segir að það sé jafnvel tengt ástarsambandi þar sem þú framkvæmir nýtt hljóðverk með sálufélaga sem mun vekja mikla lukku. Ef þér finnst þú hafa verið föst í formi þá er nýr sköpunarkraftur að koma til þín með afli!

Sverðriddari

Lykilorð: Metnaður, árangur, útsjónarsemi

Næsta spil helst vel í hendur við það fyrra enda er áfram talað um þessa nýja orku sem kemur til þín og það sem þú munt afreka með henni. Það eru svo sannarlega spennandi tímar framundan hjá þér og ný tækifæri sem þú skapar sjálf.

Fjarki í Sverðum

Lykilorð: Hvíld, slökun, hugleiðsla, íhugun

Síðasta spilið er spil sem er mikilvægt fyrir alla þá sem eru að drukkna í vinnu og segja aldrei nei við verkefnum og jú í sumum tilfellum hafa bara svona gaman að vinnunni. Það er svo mikilvægt að hlúa vel að sér og brenna ekki út. Hugleiðsla, jarðtenging og hvíld er það sem heldur boltanum rúllandi. Þetta spil hvetur þig til þess að hvíla þig vel áður en þú ferð áfram í þetta nýja verkefni.

MYND/AÐSEND

Skilaboð frá spákonunni

Leyfðu þér að stoppa og dýfa fingrunum í mold og sameinast náttúrunni. Það róar hugann og nærir sálina.

Svona eiga þau saman

Sterk saman

Róbert Marshall og Brynhildur Ólafsdóttir eru orkumikið par sem hefur látið að sér kveða í samfélaginu. Þau kynntust þegar þau voru bæði fréttamenn en síðustu ár hafa þau verið áberandi í útivistinni, séð um leiðsögn og þjálfun á fjöllum. Nýlega ákvað Róbert hins vegar að skipta um gír og er kominn í forsætisráðuneytið þar sem hann starfar sem upplýsingafulltrúi ríkisstjórnarinnar. DV ákvað að lesa í stjörnumerki þeirra og athuga hvernig þau eiga saman.

Róbert og Brynhildur eru bæði Tvíburar. Það er líf og fjör í þessu sambandi því það er líkt og fjórar manneskjur komi saman, ekki aðeins tvær.

Þessi tvö verða fljótt leið á einhverju og þurfa mikla andlega örvun. Þau virka vel saman þar sem þau geta hent hugmyndum á milli, kenningum og krefjandi verkefnum. Tvíburinn þráir frelsi og alls kyns tjáningu og því geta Brynhildur og Róbert náð sínum hæstu markmiðum saman, því þau eru svo sterk saman.

Ef þau ná að forðast að fara í samkeppni hvort við annað og vinna saman þá verður þetta ástarsamband afar langlíft og farsælt. ■

MYND/SIGTRYGGUR ARI

MYND/VALLI

Róbert Marshall
31. maí 1971
Tvíburi
- Góð aðlögunarhæfni
- Skapandi
- Fljótur að læra
- Blíður
- Óákveðinn
- Stressaður

Brynhildur Ólafsdóttir
18. júní 1967
Tvíburi
- Húmoristi
- Mannvinur
- Forvitin
- Ástúðleg
- Stressuð
- Ekki samkvæm sjálfri sér

STJÖRNUSPÁ

Vikan 17.07. – 23.07.

Hvaða planta hentar þínu stjörnumerki?

Hrútur
21.03. – 19.04.

Latneska heitið á plöntunni þinni er Plasticus því ójú, þú af öllum merkjum, ættir helst að fá þér bara eitt stykki plastplöntu því þótt að þú sért hæf/ur í ýmsu þá ertu ekki með sérlega græna fingur.

Naut
20.04. – 20.05.

Nautið er mjög þolinmótt merki og því ætti það vel við þig að sá til plöntu úr fræi. Bændastörfin gætu alveg átt vel við þig. Þú finnur mikla hugarró í að sinna plöntum og ættir því að eiga nokkrar. Þín planta er Basil-kryddjurtin en hún þarf natni, ekki of mikið vatn og þolir ekki útiveru.

Tvíburar
21.05. – 21.06.

Þú ert afar listrænt merki og kannt að meta hluti sem eru aðeins öðruvísi. Plantan þín ætti helst að vera tvílituð og því tileinkum við þér Kólus-plöntuna. Hún kemur í ýmsum útfærslum, eins og þú sjálf eftir því hvaða dagur er og hvaða verkefni er fram undan.

Krabbi
22.06. – 22.07.

Þú ert svo fjölskyldumiðað merki að þú velur þér auðvitað plöntu sem gefur af sér fullt af afleggjurum sem þú getur dreift til allra vina og vandamanna. Plantan þín er því engin önnur en Veðhlaupar-inn eða Peningaplantan góða.

Ljón
23.07. – 22.08.

Elsku ljónið okkar er mikið sólarmerki og laðast að framandi blómum og plöntum. Sólblóm ætti að gleðja þig eða jafnvel afríska blómið Protea. Í raun henta öll gul blóm þínu merki afar vel. Láttu það eftir þér að auka litagleðina í kringum þig.

Meyja
23.08. – 22.09.

Það má segja að þú sért viðkvæmt blóm og hafir miklar tilfinningar. Þú er týpan sem blæs á fífla og óskar þér í leiðinni, alveg sama hversu gömul/gamall þú ert orðin/n. Það er hollt að trúa á töfra alheims! Blómstrandi plöntur sem ilma, á borð við pottarósir, munu gleðja þig.

Vog
23.09. – 22.10.

Elsku rómatíska Vogin okkar sem horfir á heiminn í gegnum rósrauð gleraugu og elskar allt sem er bleikt. Bleik planta er sérstaklega aðlaðandi fyrir þér og því er plantan þín bleik eldlija sem vel má rækta úti í garði eða kaupa afskorna.

Sporðdreki
23.10. – 21.11.

Sporðdrekinn er svo upptekinn í því að sigra heiminn að hann má helst bara eiga eitt stykki kaktus og svo bara stóran garð eða land þar sem hlutirnir rækta sig bara sjálfir eins og fjöllin og hólarnir. Þín planta er Aloe Vera: græn, vatnsmikil og sefandi eins og jörðin sjálf.

Bogmaður
22.11. – 21.12.

Þú nýtur þín vel í garðræktinni svo lengi sem þú uppskerð vel. Bogmaðurinn elskar afskorin blóm en vill helst ekki gul blóm. Ef þú fengir vönd af bóndarósum þá yrðir þú glöð út alla vikuna.

Steingeit
22.12. – 19.01.

Ef það er einhver sem kann að meta klassíska rós þá ert það þú þú! Þú hefur gaman af hefðum og ert oft á tíðum kölluð gömul sál. Mjög líklega ertu líka með stoltan mynturunna úti í garði hjá þér.

Vatnsberi
20.01. – 18.02.

Age of Aquarius… (heyrist sungið). Þú ert svo mikill hippi í þér þannig það kæmi engum á óvart að þú værir að rækta sveppi eða eitthvað í þeim dúr, en við mælum með að það sé bara fyrir súpur en ekki eitthvað annað. Þitt blóm er vöndur sem þú týnir saman sjálf/ur úr náttúrunni. Villt og frjálst eins og þú.

Fiskur
19.02. – 20.03.

Þú ert týpan til að fá plöntuveikina og átt líklega ófáar plöntur sem þú ert jafnvel farin að fela frá maka-num þínum. „Ha þessi? Neeei, hún er ekki ný!!“ Þú ert mjög heimakært merki og því gleður það þig mikið að eiga flest allar plöntur. Þín planta er Zebrina.

Pablo fagnaði Íslandsmeistaratitli með KR á síðustu leiktíð. Hann kemur frá El Salvador en hefur spilað á Íslandi frá 2012. MYND/ANTON BRINK

10 ATRIÐI SEM GERA MIG AÐ BETRI FÓTBOLTAMANNI

Pablo Punyed, knattspyrnumaður hjá KR, veit hvað þarf til að ná árangri. Hann leggur rækt við hið smáa jafnt sem hið stóra, allt frá því að búa um rúmið sitt daglega og vanda hversdagsverkin, til þess að setja sér ævimarkmið.

1 Fótaheilsa
„Að fyrirbyggja meiðsli byrjar frá jörðinni og leiðir upp. Fæturnir eru mikilvægasta verkfærið, það þarf að nota þá rétt og styrkja þá. Þetta á við um hvaða íþrótt sem er en sérstaklega íþróttir þar sem mikið er hlaupið eins og í fótbolta og körfubolta.“

2 Gerðu litlu hlutina vel
„Smáatriðin skipta máli – Hvað sem þú gerir endurspeglar allt sem þú gerir. Ef þig langar að verða betri í að búa um rúmið þitt, reima skóna þína, vaska upp eða skrifa nafnið þitt verður það að venju og endanlega niðurstaðan verður yfirburðar góð.“

3 Svefn og endurheimt
„Eitt það mikilvægasta í að ná árangri er að vita hvenær spennustigið á að vera hátt og hvenær spennustigið á að vera lágt. Á æfingum og í keppni á spennustigið að vera hátt. Í hvíld á spennustigið að vera lágt. Svefn á að vera í forgangi.“

4 Hugarfar byrjanda
„Það er alltaf hægt að halda áfram að þróa sig sem íþróttamann. Byrjendur eiga það til að vera einbeittari heldur en reynslumeiri leikmenn. Hugarfarið að vera ekki hræddur við að prufa nýjungar mun réttlæta mistök vegna þess að þú ert að reyna að verða betri og þá eru meiri líkur á árangri.“

5 Vertu meðvitaður um sérstöðu þína og leyfðu henni að blómstra
„Mikilvægt er að vinna í styrkleikum sínum. Enginn er eins sem er frábært!“

6 Lærðu að læra
„Þegar þú lærir hvernig á að læra áttarðu þig á því að íþróttir byggjast upp á reynslu. Mundu að þetta snýst um það að vera betri í dag en í gær. Þetta snýst um framfarir en ekki fullkomnun.“

7 Tæknileg færni
„Íþróttir eru misjafnar en þær krefjast allar einhvers konar tæknilegrar færni. Byrjaðu á að framkvæma æfingarnar áður en þú færð ráðleggingar til að bæta þig. Eina leiðin til að ná árangri er að gera æfingarnar.“

8 Ekki vera jákvæð eða neikvæð persóna, vertu aðlögunarhæf
„Stundum rignir og stundum skín sólin. Að þekkja aðstæður gerir þér kleift að aðlagast hvaða aðstæðum sem er.“

9 Lærðu að anda
„Andardrátturinn er munurinn á milli kvíða og spennu. Gefðu andardrætti þínum gaum. Hann er lykillinn að hvaða athöfn sem er og við drögum andann mörg þúsund sinnum á dag.“

10 Hafðu gaman að því sem þú ert að gera
„Íþróttir eru keppni en þær eru líka skemmtun. Að kunna að hafa gaman er nauðsynlegt til að þróast.“



FAGVERK

VIÐ ERUM SÉRFRÆÐINGAR Í

MALBIKUN

Malbikunarframkvæmdir eru okkar sérsvið. Við tökum að okkur malbikun á bílastæðum, stígum, götum, vegum og hvar sem þarf að malbika. Við tryggjum fyrirtaks þjónustu sem svarar ýtrustu gæða- og öryggiskröfum. Hafðu samband.

malbikstodin.is | 864 1220 | Flugumýri 26 | Mosfellsbær

DV

17. júlí 2020 | 28. tbl. | 111. árg

dv.is/frettaskot askrift@dv.is 512 7000

Íslensk hönnun: Sigurður Már · Íslensk framleiðsla

5 690710 111124

SAND KORN

MYND/FACEBOOK.

Rassastólar á Rangá

DV barst í vikunni ábending um barstóla á Hótel Rangá sem ef til vill væru orðnir tímaskekkja. Stólarnir eru útskornir úr við og í stað hefðbundinna fóta er þar að finna lögulega kvenmannsfætur í hælaskóm og glittir einnig aðeins í rasskinnar. Lesandi sem hafði samband fannst þetta í hróplegu ósamræmi við breyttar áherslur samtímans og bera vott um kvenfyrirlitningu. DV hafði samband við Hótel Rangá varðandi málið en engin svör höfðu borist þegar blaðið fór í prentun.

Viltu vinna á Alþingi?

Þingflokkur Pírata leitar að einstaklingi til að starfa í hringiðu stjórnmálanna með þingmönnum flokksins sem aðstoðarmaður flokksins samkvæmt atvinnuauglýsingu á Alfreð.is. Starfstöð viðkomandi er Alþingi svo um er að ræða spennandi starf fyrir þá sem búa við stjórnarskrárblæti. Í byrjun árs störfuðu fjórir sem aðstoðarmenn flokksins en nýverið létu af störfum Sunna Rós Víðisdóttir og Inga Dóra Guðmundsdóttir en óljóst er hvort einn eða tveir verða ráðnir. ■



Viltu vera memm

LOKI